

Stjórnartíðindi

2003 - B-deild - B82-84

Útgáfa 1.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundu skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum <https://urlausnir.is>. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Athugasemdir um þessa útgáfu

Inniheldur nýjar bls. 485-486 í A-deild 2003.

Minniháttar gallar á bls. 1682 og 1687.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

Stjórnartíðindi

B 82-84

Nr. 522-528

2003

Efnisyfirlit B 82-84 2003

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
522	8. júlí	Reglugerð um loðnuveiðar erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands á loðnuvertíðinni 2003/2004	1633-1637
523	8. júlí	Reglugerð um loðnuveiðar íslenskra skipa 2003/2004	1638-1639
524	10. júlí	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 484/2003 um skilyrði á sviði dýraheilbrigðis við inn- og útflutning eldisdýra og afurða þeirra	1640
525	16. júlí	Reglugerð um dýraheilbrigðiseftirlit með innflutningi eldisdýra	1641-1656
526	16. júlí	Reglugerð um skilyrði á sviði dýraheilbrigðis sem áhrif hafa á markaðssetningu eldisdýra og afurða þeirra	1656-1673
527	16. júlí	Reglugerð um sýnatökuáætlanir og greiningaraðferðir við greiningu og staðfestingu á fisksjúkdómum brisdrepi, iðradrepi og veirublæði	1674-1687
528	16. júlí	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 105/2000 um flutning og sleppingar laxfiska og varnir gegn fisksjúkdómum og blöndun laxastofna	1688

STJÓRNARTÍÐINDI A 16 – 2003

18. júní 2003

485

Nr. 101

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er á förum til útlanda.

Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Forsætisráðuneytinu, 18. júní 2003.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.

26. júní 2003

Nr. 102

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er kominn úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Forsætisráðuneytinu, 26. júní 2003.

F. h. r.

Ólafur Davíðsson.

1. júlí 2003

Nr. 103

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breytingu á lögum nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði, lögum nr. 54/1990 um innflutning dýra og lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Landbúnaðarráðherra hefur tjáð mér að stjórnvöld í Skotlandi og á Írlandi hafi nýlega lagt bann við innflutningi eldisdýra og afurða þeirra héðan með skírskotun til þess að Ísland og fiskeldisstöðvar hér á landi hafi ekki sambærilegar viðbótartryggingar fyrir

Gutenberg

heilbrigðisástandi eldisdýra og gilda í þessum löndum. Komi það til af því að Eftirlitsstofnun EFTA hafi ekki talið sér heimilt að gefa út slíkar tryggingar fyrir Ísland fyrr en löggjöf hér á landi hefur verið aðlöguð ákvæðum tilskipunar nr. 91/67/EBE, um skilyrði á sviði heilbrigðis eldisdýra, eins og henni hafi verið breytt með tilskipunum nr. 93/54/EB, 95/22/EB, 97/79/EB og 98/45/EB, sem allar séu hluti af EES-samningnum skv. I. viðauka við hann og ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 69/98 frá 17. júlí 1998.

Íslensk fyrirtæki hafi að undanfögnu flutt út eldisfisk og hrogn til Skotlands, Írlands og annarra aðildarríkja Evrópusambandsins í ört vaxandi mæli. Viðskiptabann þetta tefli í tvísýnu rekstrargrundvelli þessara fyrirtækja og valdi þeim og íslensku fiskeldi miklum álitshækkji. Í húfi séu miklir fjárhagslegir hagsmunir og tugir starfa, enda blasi uppsagnir við ef hnekkert verði að gert.

Brýna nauðsyn beri því til þess að breyta nú þegar lögum á þann veg að lögleiða megi ákvæði áðurnefndra tilskipana og gera allar viðeigandi ráðstafanir til að hnekkja þessum hindrunum. Fyrir því eru hér með sett svofelld bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar:

I. KAFLI

Breyting á lögum nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði með síðari breytingum.

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist eftirfarandi orðskýring í rétttri stafrófsröð:

Eldisdýr: lifandi fiskur, krabbadýr eða lindýr frá eldisstöð, óháð þroskastigi að meðtöldum dýrum sem lifa upprunalega villt en eru ætluð fyrir eldisstöð.

2. gr.

Við 76. gr. laganna bætist ný málsgrein, 2. mgr., svohljóðandi:

Við inn- og útflutning eldisdýra er heimil notkun erlendra flutningstækja, svo sem brunnbáta, og búnaðar sem tengdur er þeim, enda skal flutningurinn háður skilyrðum reglugerðar sem landbúnaðarráðherra setur.

3. gr.

Fyrri málsliður 79. gr. laganna orðast svo:

Heimilt er að flytja til landsins lifandi laxfisk eða annan fisk, er lifir í ósöltu vatni, enda skal innflutningurinn háður skilyrðum reglugerðar sem landbúnaðarráðherra setur.

II. KAFLI

Breyting á lögum nr. 54/1990 um innflutning dýra með síðari breytingum.

4. gr.

Við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein sem verður 2. mgr. og orðast svo:

Þrátt fyrir innflutningsbann skv. 1. mgr. er heimilt að flytja til landsins lifandi fisk, krabbadýr eða lindýr frá eldisstöð, óháð þroskastigi, að meðtöldum dýrum sem lifa upprunalega villt en eru ætluð til eldis í eldisstöð, enda skal innflutningurinn háður skilyrðum reglugerðar sem landbúnaðarráðherra setur. Við innflutning skal framvísa skriflegri staðfestingu yfirdýralæknis á að uppfyllt séu skilyrði samkvæmt þessu ákvæði.

5. gr.

1. mgr. 9. gr. laganna orðast svo:

Einangra skal öll innflutt dýr og erfðaefni, að undanskildum eldisdýrum skv. 2. mgr. 2. gr. á sóttvarnastöð svo lengi sem yfirdýralæknir telur þörf á undir stöðugu eftirliti sóttvarnardýralæknis stöðvarinnar.

STJÓRNARTÍÐINDI B 82 – 2003

8. júlí 2003

1633

Nr. 522

REGLUGERÐ

um loðnuveiðar erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands á loðnuvertíðinni 2003/2004.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til loðnuveiða grænleuskra, norskra og færeyskra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands, á tímabilinu 8. júlí 2003 til 30. apríl 2004.

2. gr.

Aðeins þeim skipum sem fengið hafa sérstakt leyfi frá Fiskistofu er heimilt að stunda loðnuveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Um borð í veiðiskipi skal vera leyfi til loðnuveiða eða afrit af því og reglur sem um loðnuveiðar gilda.

Skip, sem óska eftir leyfi til loðnuveiða skulu sækja um það til Fiskistofu. Í umsókninni komi fram upplýsingar um nafn skips, skráningarnúmer, kallmerki, stærð í brúttótonnum, burðargetu og upplýsingar um fjarskiptatæki. Skip sem afsala sér veiðileyfi skulu tilkynna það Fiskistofu, og komi sömu upplýsingar fram og í umsókninni.

3. gr.

Norskum skipum er heimilt að veiða samtals 35.890 lestir í efnahagslögsögu Íslands og er þeim aðeins heimilt að stunda loðnuveiðar í efnahagslögsögu Íslands til 15. febrúar 2004 og norðan við 64°30'N.

Færeyskum skipum er heimilt að veiða í fiskveiðilandhelgi Íslands samtals 30.000 lestir.

Grænleuskum skipum er heimilt að veiða í fiskveiðilandhelgi Íslands það magn sem þeim er úthlutað af grænleuskum stjórnvöldum, þó með þeirri takmörkun að eftir 15. febrúar 2004 og sunnan 64°30'N er þeim aðeins heimilt að veiða 23.000 lestir til loka vertíðarinnar.

Allar veiðar eru bannaðar í fiskveiðilandhelgi Íslands tímabilið 16. ágúst - 15. september 2003. Erlend veiðiskip skulu hlíta þeim verndaraðgerðum sem stjórnvöld og Hafrannsóknastofnun kunna að grípa til.

4. gr.

Færeyskum, grænleuskum og norskum skipum er heimilt að landa afla sínum í íslenskum höfnum og gilda um vigtun afla sömu reglur og gilda fyrir íslensk skip. Óheimilt er að umskipa afla í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Færeyskum og grænenskum skipum sem stunda loðnuveiðar eftir 15. febrúar 2004 í fiskveiðilandhelgi Íslands er óheimilt að landa loðnuafila utan Íslands nema til bræðslu.

5. gr.

Til 30. nóvember 2003 skulu ekki fleiri en 35 norsk skip stunda loðnuveiðar í fiskveiðilandhelginni samtímis. Frá 1. desember 2003 til 15. febrúar 2004 skulu ekki fleiri en 25 norsk skip stunda veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands samtímis.

EKKI skulu fleiri en 10 færeysk skip stunda loðnuveiðar samtímis.

Óheimilt er að hefja veiðar í fiskveiðilandhelginni nema fyrir liggi staðfesting frá Landhelgisgæslu Íslands um að fjöldi skipa sé innan tilskilinna marka.

EKKI skulu fleiri loðnuveiðiskip frá hverri þjóð vera í fiskveiðilandhelgi Íslands hverju sinni, en hlotið hafa staðfestingu frá Landhelgisgæslunni, sbr. þó 12. gr.

6. gr.

Skip skulu, á leið til veiðisvæðis áður en veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands hefjast og á leið út úr fiskveiðilandhelgi Íslands, sigla um einn af eftirfarandi athugunarstöðum:

- a) 65°00'N – 10°00'V
- b) 66°15'N – 09°00'V
- c) 67°30'N – 10°00'V
- d) 68°30'N – 11°00'V
- e) 69°15'N – 13°00'V
- f) 68°40'N – 16°30'V
- g) 68°00'N – 20°00'V

Landhelgisgæslu Íslands er heimilt að ákveða hvaða athugunarstað veiðiskip siglir um. Heimilt er með samþykki Landhelgisgæslunnar að halda til annarra athugunarstöðva en tilgreindir eru í 1. mgr.

Óheimilt er að yfirgefa athugunarstað áður en tilkynntur komutími er liðinn, skv. 8. og 11. gr., nema að fengnu samþykki Landhelgisgæslunnar.

7. gr.

Skip sem leyfi hafa fengið til loðnuveiða sbr. 2. gr. skulu búin fjarskiptabúnaði sem sendir upplýsingar með sjálfvirkum hætti til sameiginlegrar eftirlitsstöðvar Landhelgisgæslu og Fiskistofu.

8. gr.

Tilkynna skal Landhelgisgæslunni siglingu skipsins inn í íslenska lögsögu og komutíma í athugunarstöð með minnst 6 klukkustunda fyrirvara og mest 12 klukkustunda fyrirvara.

Í tilkynningunni komi eftirfarandi upplýsingar fram í þessari röð:

Orðið „komutilkynning“ (entry report).

Nafn skips.

Kallmerki.

Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd þegar tilkynning er send.

Heildarafli um borð, í tonnum.

Athugunarstaður sem siglt verður um sbr. 6. gr. og fyrirhugaður komutími á staðinn.

Haldi skip til veiða úr íslenskri höfn skal það tilkynnt Landhelgisgæslunni á sama hátt og greint er í 1. mgr.

9. gr.

Skip sem stundar veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands skal á hverjum degi á tímabilinu frá kl. 00.00 til 08.00 að íslenskum tíma, senda Landhelgisgæslunni tilkynningu þar sem eftirfarandi kemur fram í þessari röð:

Orðið „aflatilkynning“ (catch report).

Nafn skips.

Kallmerki.

Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd þegar tilkynning er send.

Heildaraflí um borð, í tonnum.

Aflí síðasta sólarhrings, miðað við kl. 24.00, eða aflí frá því skipið kom inn í fiskveiðilandhelgi Íslands sé um skemmri tíma að ræða.

10. gr.

Þegar skip lýkur veiðum í fiskveiðilandhelgi Íslands skal það tilkynnt Landhelgisgæslunni. Í tilkynningunni komi eftirfarandi upplýsingar fram í þessari röð:

Orðið „lokatilkynning“ (exit report).

Nafn skips.

Kallmerki.

Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd þegar tilkynning er send.

Heildaraflí um borð, í tonnum.

Aflí síðan síðasta aflatilkynning var send.

11. gr.

Áður en skip heldur út úr fiskveiðilandhelgi Íslands skal senda Landhelgisgæslunni tilkynningu um það og komutíma í athugunarstöð með minnst 6 klukkustunda fyrirvara og mest 12 klukkustunda fyrirvara. Í tilkynningunni komi eftirfarandi upplýsingar fram í þessari röð:

Orðið „athugunartilkynning“ (control report).

Nafn skips.

Kallmerki.

Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd, þegar tilkynning er send.

Heildaraflí um borð, í tonnum.

Athugunarstaður sem siglt verður um sbr. 6. gr. og fyrirhugaður komutími á staðinn.

Landi skip afla sínum í íslenskri höfn skal tilkynna það Landhelgisgæslunni á sama hátt og greint er frá í 1. mgr.

Landi skip afla sínum í íslenskri höfn skal tilkynna það Landhelgisgæslunni á sama hátt og greint er frá í 1. mgr. en í stað athugunarstaðar í síðasta lið verði greint frá löndunarhöfn.

Heimilt er að senda saman tilkynningu um lok veiða sbr. 10. gr. og um komu á athugunarstað. Við sendingu slíkrar tilkynningar eiga við ákvæði þessarar greinar að öðru leyti en því að í stað orðsins: „athugunartilkynning“ (control report) koma orðin: „loka- og athugunartilkynning“ (exit and control report).

12. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 5. gr. er skipum sem ekki hafa staðfestingu Landhelgisgæslunnar sbr. 3. mgr. 5. gr. heimil óslitin sigling um fiskveiðilandhelgina, enda tilkynni þau til Landhelgisgæslunnar um komu sína í fiskveiðilandhelgina, eða brottför úr íslenskri höfn, með minnst 6 klukkustunda fyrirvara og mest 12 klukkustunda fyrirvara. Í tilkynningunni komi eftirfarandi upplýsingar fram í þessari röð:

Orðið „In“.

Nafn skips.

Kallmerki.

Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd, þegar tilkynning er send.

Heildaraflí um borð, í tonnum.

Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd, þegar sigling út úr lögsögunni er áætluð.

Á 12 klukkustunda fresti skal síðan senda tilkynningu um staðsetningu skipsins til Landhelgisgæslunnar. Í tilkynningunni komi eftirfarandi upplýsingar fram í þessari röð:

Orðið „Staðsetningartilkynning“ (position report).

Nafn skips.

Kallmerki.

Dagsetning, tími, stefna, hraði og staðsetning í breidd og lengd, þegar tilkynning er send.

Þegar skip siglir út úr íslenskri fiskveiðilandhelgi skal það tilkynnt til Landhelgisgæslunnar. Í tilkynningunni komi eftirfarandi upplýsingar fram í þessari röð:

Orðið „Out“.

Nafn skips.

Kallmerki.

Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd, þegar tilkynning er send.

Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd þegar skip siglir út úr lögsögunni.

13. gr.

Skipstjórum erlendra loðnuskipa ber að auðvelda eins og unnt er eftirlit Landhelgisgæslu og Fiskistofu með veiðum, veiðarfærum og afla um borð í veiðiskipum. Telji eftirlitsaðilar að fullnægjandi eftirlit geti ekki farið fram á sjó er hlutaðeigandi skipstjórum skylt að hlíta fyrir mælum um að halda til nálægrrar hafnar þar sem athugun getur farið fram.

Fiskistofu er heimilt að setja eftirlitsmenn um borð í erlend loðnuveiðiskip. Skal útgerð skipsins sjá eftirlitsmönnum fyrir fæði og aðstöðu meðan þeir eru um borð við eftirlit og ennfremur greiða allan kostnað af veru þeirra um borð í skipinu.

Í afladagbók, sem skal vera innbundin, með númeruðum síðum og í tvíriti, skal skipstjóri skrá eftirfarandi upplýsingar: Nafn skips, skráningarnúmer og kallmerki. Fyrir hvert kast skal skrá staðsetningu, dagsetningu og tíma þegar nótinni er kastað og afla í hverju kasti í tonnum, áður en nótinni er kastað á ný. Einnig skal skrá heildarafla á sólarhring í fiskveiðilandhelgi Íslands, stærð nótar og möskvastærð. Þá skal skipstjóri undirrita hverja síðu. Jafnframt skal Hafrannsóknastofnuninni sent afrit úr afladagbókum, sé þess óskað.

Starfsmenn Landhelgisgæslunnar og Veiðieftirlits Fiskistofu skulu hafa aðgang að eftirtöldum gögnum sé þess óskað:

Afladagbók

Skipsdagbók

Mælibréfi

Teikningum af skipi

Veiðileyfi frá Fiskistofu eða afriti af því.

Upplýsingum úr siglingatölvum og staðsetningartækjum skips.

Öðrum gögnum sem skipt geta máli við rannsókn meintra fiskveiðabrota.

Um borð í hverju skipi skulu vera teikningar af lestum þess þar sem fram kemur heildarrúmmál hversrar lestar. Þá skulu teikningar eða gögn sýna hvert rúmmál lestanna er miðað við 10 sentímetra millibil frá ákveðnum og merktum viðmiðunarstað.

14. gr.

Óheimilt er að stunda veiðar með öðrum veiðarfærum en nót.

15. gr.

Skipum ber að fylgja banni ráðuneytisins við veiðum vegna verndunarsjónarmiða og skyndilokunum Hafrannsóknastofnunarinnar, sbr. 8.-11. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

16. gr.

Heimilt er að veita undanþágu frá ákvæðum 6. gr. og 8.-11. gr. hafi aðilar gert samkomulag þar um.

17. gr.

Tilkynningar skv. 7.-11. gr. skal senda á íslensku eða ensku, og skulu tímasetningar vera miðaðar við íslenskan tíma, UTC.

Skip sem hafa veiðileyfi skv. reglugerð þessari skulu að öðru leyti fylgja ákvæðum laga nr. 22, 8. apríl 1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands.

18. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 22, 8. apríl 1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Jafnframt getur Fiskistofa svipt skip leyfi til loðnuveiða innan fiskveiðilandhelginnar brjóti útgerð eða áhöfn skipa eða aðrir sem í þágu útgerðar starfa, gegn reglugerð þessari.

19. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. ákvæðum laga nr. 22, 8. apríl 1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 447, 20. júní 2003 um loðnuveiðar erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands á loðnuvertíðinni 2003/2004 og ennfremur reglugerð nr. 480, 27. júní 2003 um loðnuveiðar grænlandskra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands og íslenskra skipa í fiskveiðilandhelgi Grænlands á tímabilinu 27. júní til 10. júlí 2003.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 8. júlí 2003.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Kolbeinn Árnason.

REGLUGERÐ

um loðnuveiðar íslenskra skipa 2003/2004.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til loðnuveiða íslenskra skipa á tímabilinu frá 8. júlí 2003 til og með 30. apríl 2004.

2. gr.

Aðeins skipum sem hafa aflamark í loðnu er heimilt að stunda loðnuveiðar. Veiðar umfram aflamark í loðnu varða gjaldtöku samkvæmt ákvæðum laga nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólöglegs sjávarafla.

Leyfilegur hámarksafli íslenskra loðnuveiðiskipa á loðnuvertíðinni 2003/2004 er 362.345 lestir.

3. gr.

Veiðar eru heimilar í fiskveiðilandhelgi Íslands, Grænlands og Jan Mayen með þeirri takmörkun að allar loðnuveiðar eru bannaðar á tímabilinu 16. ágúst - 15. september 2003. Þá er íslenskum skipum aðeins heimilt að stunda loðnuveiðar norðan 64°30'N í lögsögu Grænlands. Í lögsögu Jan Mayen er þeim aðeins heimilt að veiða 35% af leyfilegum heildarafla íslensku skipanna.

4. gr.

Stjórnvöld í Noregi og Grænlandi setja reglur um veiðar í lögsögu landanna. Fiskistofa skal koma upplýsingum þar um til skipa eftir því sem unnt er.

5. gr.

Skipstjóri veiðiskips skal í skeyti tilkynna áætlaðan loðnuafila til veiðieftirlits Fiskistofu, strax þegar skip heldur til lands til löndunar afla. Skal tilgreina í tilkynningu reit þar sem afli er fenginn. Geta skal sérstaklega í aflatilkynningu ef afli er fenginn í lögsögu Grænlands eða Jan Mayen verði það ekki greint á uppgefnum reiti.

Óheimilt er að dæla afla úr nótt veiðiskips um borð í flutningaskip. Þá er óheimilt að flytja óvígtaðan afla milli skipa nema með sérstöku leyfi Fiskistofu. Fáí loðnuskip það stórt kast, að skipið beri ekki allan þann afla sem er í nóttinni er þó heimilt að dæla eftirstöðvum aflans úr nóttinni um borð í annað veiðiskip, enda hafi bæði skipin aflamark í loðnu.

6. gr.

Einungis er heimilt að stunda loðnuveiðar með nótt. Ráðuneytið getur, að fengnum tillögum Hafrannsóknastofnunarinnar, leyft loðnuveiðar með vörpu í tilraunaskyni.

Ráðuneytið getur takmarkað eða bannað loðnuveiðar á ákveðnum svæðum í tiltekinn tíma þyki ástæða til þess, m.a. vegna verndunarsjónarmiða og til þess að stuðla að sem bestri hagnýtingu loðnustofnsins. Jafnframt getur ráðherra ákveðið að aðeins stundi loðnuveiðar í tilraunaskyni ákveðinn fjöldi skipa í því skyni að kanna ástand loðnustofnsins undir eftirliti Hafrannsóknastofnunarinnar.

Hafrannsóknastofnuninni er heimilt að grípa til skyndilokunar veiðisvæða, sbr. 10. og 11. gr. laga nr. 79/1997 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, fari hlutfall loðnu, smærri en 14 cm, yfir 20%, miðað við fjölda. Stærð loðnu er mæld frá trjónuoddi að sporðsenda.

7. gr.

Með mál sem rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn

fiskveiða, með síðari breytingum, laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 446, 20. júní 2003 um loðnuveiðar íslenskra skipa 2003/2004.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 8. júlí 2003.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Kolbeinn Árnason.

STJÓRNARTÍÐINDI B 83 – 2003

Nr. 524

1640

10. júlí 2003

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 484/2003 um skilyrði á sviði
dýraheilbrigðis við inn- og útflutning eldisdýra og afurða þeirra.

1. gr.

2. mgr. 16. gr. breytist og orðast svo:
Reglugerð þessi öðlast gildi 22. júlí 2003.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 10. júlí 2003.

F. h. r.

Ólafur Friðriksson.

Sigríður Norðmann.

REGLUGERÐ

um dýraheilbrigðiseftirlit með innflutningi eldisdýra.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um dýraheilbrigðiseftirlit við innflutning eldisdýra, þ.m.t. hroгна og svilja innan Evrópska efnahagssvæðisins og við innflutning eldisdýra frá þriðju ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins. Þegar fjallað er um eldisdýr í reglugerð þessari er einnig átt við hrogn og svil nema annað sé tekið fram.

2. gr.

Skilgreiningar.

Í reglugerð þessari er merking hugtaka sem hér segir:

Animo-netkerfið: samræmt tölvakerfi til notkunar á Evrópska efnahagssvæðinu. Animo-netkerfið tengir saman dýraheilbrigðisyfirvöld, einkum með það í huga að auðvelda upplýsingaskipti milli lögbærra yfirvalda svæða þar sem heilbrigðisvottorð eða skjal sem fylgir dýrum og dýraafurðum hefur verið gefið út og lögbærra yfirvalda viðtökuaðildarríkisins, sbr. 20. gr. tilskipunar 90/425/EBE.¹⁾

Dýraheilbrigðiseftirlit: eftirlit með ástandi og/eða formsatriðum á sviði stjórnsýslu sem tekur til eldisdýra og er ætlað að vernda beint eða óbeint heilbrigði manna og dýra.

Eldisdýr: lifandi fiskur, krabbadýr eða lindýr frá eldisstöð, óháð þroskastigi að meðtöldum dýrum sem lifa upprunalega villt en eru ætluð fyrir eldisstöð.

Eldisstöð: starfsstöð eða almennt landfræðilega skilgreint mannvirki þar sem eldisdýr eru ræktuð eða alin með markaðssetningu í huga.

Evrópska efnahagssvæðið: samanstendur af aðildarríkjum Evrópusambandsins ásamt Noregi og Íslandi og er nefnt EES í reglugerð þessari.

Heilbrigðiseftirlit: eftirlit með heilbrigðisástandi dýrsins, ef til vill með sýnatöku og prófi á rannsóknastofu.

Innflutningsskilyrði: heilbrigðiskröfur samkvæmt gildandi lögum og reglum sem eldisdýr verða að uppfylla til að þau megi flytja inn á EES.

Innflutningur: sú aðgerð eða sú ætlun að koma eldisdýrum í frjálst flæði á EES.

Innflytjandi: einstaklingur eða löggjafarstjórn sem kemur með eldisdýr til innflutnings til EES.

Landamærostöð: eftirlitsstöð á landamærum Evrópska efnahagssvæðisins til nefnd og samþykkt til að þar megi fara fram eftirlit með innflutningi eldisdýra frá þriðja ríki.

Lögbært yfirvald: stjórnvald eða aðildarríki sem ber ábyrgð á dýraheilbrigðiseftirliti.

Markaðssetning: geymsla eða sýning eldisdýra í þeim tilgangi að selja þau, bjóða til sölu, afhenda, framselja með einhverjum öðrum hætti eða selja á markað innan EES að smásölu undanskilinni.

Opinber eftirlitsaðili: embætti yfirdýralæknis eða fulltrúi þess hér á landi en erlendis önnur sambærileg stofnun sem tilnefnd er af lögbæru yfirvaldi aðildarríkis innan EES eða lands utan EES (þriðja ríkis) og ber ábyrgð á eftirliti sem kveðið er á um í þessari reglugerð.

Sannprófun skjala: sannprófun dýraheilbrigðisvottorða eða -skjala sem fylgja eldisdýrum.

Sannprófun auðkenna: sannprófun sem fer eingöngu fram með sjónrænni skoðun á því að samræmi sé á milli skjalanna eða vottorðanna og eldisdýranna og að eldisdýrin séu merkt með réttum hætti.

Sending: fjöldi eldisdýra af sömu tegund sem sama dýraheilbrigðisvottorð eða -skjal gildir um sem er flutt með sama flutningstæki og kemur frá sama þriðja landi eða sama hluta þriðja ríkis.

Þriðja ríki: ríki sem er utan Evrópska efnahagssvæðisins.

¹⁾ Stjórnartíðindi EB nr. L 224, 18.8.90 bls. 38.

3. gr.

Yfirstjórn og eftirlit.

Yfirdýralæknir og fulltrúar hans annast eftirlit hér á landi samkvæmt reglugerð þessari og bera ábyrgð á því eftirliti sem þar fer fram.

II. KAFLI

Innflutningur frá ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins.

4. gr.

Eftirlit á upprunastað.

Við flutning frá upprunastað skal fylgja eldisdýrum flutningsskýrsla og heilbrigðisvottorð áritað af opinberum eftirlitsaðila sem ber ábyrgð á eftirliti á eldisstöð á upprunastað. Í heilbrigðisvottorði skal staðfest að eldisdýrin séu ekki upprunnin af svæði eða eldisstöð sem sjúkdómahætta fylgir. Ef flytja á eldisdýr til annarra aðildarríkja sem hlotið hafa viðbótarábyrgðir samkvæmt reglum innan EES skal koma fram í heilbrigðisvottorði að uppfyllt séu skilyrði fyrir innflutningi til lands sem hefur slíkar viðbótarábyrgðir. Eldisdýrin skulu auðkennd þannig að unnt sé að rekja uppruna þeirra í samræmi við reglur sem gilda innan EES.

Opinber eftirlitsaðili skal votta að eldisdýrin uppfylli kröfur gildandi laga og stjórnvaldsreglna á upprunastað. Óheimilt er að senda hingað til lands eldisdýr sem eru upprunnin af eldisstöð sem kann að þurfa að slátra dýrum samkvæmt innlendri áætlun um útrýmingu sjúkdóma samkvæmt reglum EES eða eldisdýr sem ekki er unnt að markaðssetja á upprunastað af ástæðum sem tengjast heilbrigði manna og dýra. Skoðun opinbers eftirlitsaðila á dýraheilbrigði eldisdýra á upprunastað skal vera með sama hætti og þau væru ætluð fyrir innlendan markað.

Ef eldisdýr eiga að fara á fleiri en einn viðtökustað skal flokka þau niður í jafnmargar sendingar og viðtökustaðirnir eru. Hverri sendingu skulu fylgja vottorð og skjöl samkvæmt 1. mgr.

Opinber eftirlitsaðili skal ganga úr skugga um að flutningstæki og búnaður þeirra uppfylli kröfur laga og stjórnvaldsreglna og að flutningur fari þannig fram að heilbrigði dýranna sé tryggt.

Aður en opinber eftirlitsaðili gefur út vottorð samkvæmt þessari grein skal hann hafa gengið úr skugga um að öll framangreind skilyrði séu uppfyllt.

5. gr.

*Flutningur til þriðja ríkis um yfirráðasvæði
innan Evrópska efnahagssvæðisins.*

Ef eldisdýr eru ætluð til útflutnings til þriðja ríkis um yfirráðasvæði annars aðildarríkis verður flutningurinn að vera undir eftirliti tollyfirvalda að þeim stað þar sem tollsvæði EES endar nema í bráðatilvikum sem tilskilin leyfi hafa fengist fyrir hjá lögbæru yfirvaldi til að tryggja velferð dýranna.

6. gr.

Tilkynningaskylda opinbers eftirlitsaðila á upprunastað.

Opinber eftirlitsaðili á upprunastað skal tilkynna lögbæru yfirvaldi í viðtökuríki um flutninginn í gegnum Animo-netkerfið sama dag og vottorð samkvæmt þessum kafla eru gefin út. Heimilt er að senda tilkynningu á tölvutæku formi.

Tilkynningin skal vera skrifleg og í henni skulu koma fram upplýsingar um númer og dagsetningu flutningsskýrslu/heilbrigðisvottorðs, nafn sendanda, nafn viðtakanda, áætlaðan komutíma, innflutningsstað, magn, tegund, lýsingu á vöru og ákvörðunarstað, nafn flutningstækis og eftir því sem við á skipaskrárnúmer eða flugnúmer. Heimilt er að senda tilkynningu á tölvutæku formi.

7. gr.

Rannsókn- og tilkynningaskylda viðtakanda.

Viðtakandi eldisdýra frá ríkjum innan EES skal ganga úr skugga um að samræmi sé á milli þeirra og meðfylgjandi flutningsskýrslu og annarra skjala áður en þau eru flutt á viðtökustað. Komi fram misræmi skal tilkynna það yfirdýralækni án tafar.

Varðveita skal flutningsskýrslur, heilbrigðisvottorð og önnur skjöl þeim viðkomandi í eitt ár svo að unnt sé að framvísa þeim að kröfu yfirdýralæknis.

8. gr.

Dýraheilbrigðiseftirlit á viðtökustað.

Yfirdýralæknir eða fulltrúi hans getur á viðtökustað eldisdýra sem flutt eru inn frá EES kannað með óhlutdrægum skyndikönnunum og sýnatökum til rannsókna hvort kröfur íslenskra laga og reglugerða um dýraheilbrigði séu uppfylltar. Hafi yfirdýralæknir rökstuddan grun um brot getur hann ákveðið að flutningur eldisdýranna skuli fara fram undir eftirliti til viðtökueldisstöðvar.

9. gr.

Sjúkdómatilvik.

Ef yfirdýralæknir kemst að því við eftirlit á viðtökustað eða á meðan á flutningi stendur til viðtökueldisstöðvar að til staðar séu sjúkdómsvaldar eða annað ástand sem stofnað geti dýrum eða mönnum í hættu eða ef í ljós kemur að eldisdýrin koma frá svæði sem smitað er af dýrasjúkdómi skal yfirdýralæknir í samráði við fisksjúkdómanefnd gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru, sem geta falist í m.a. einangrun, slátrun til manneldis eða förgun eldisdýranna.

Ef yfirdýralæknir telur ástæðu til getur hann gengið úr skugga um með sýnatöku og öðrum rannsóknum hvort uppfyllt séu skilyrði fyrir sérstökum viðbótarábyrgðum sem veittar eru einstökum ríkjum vegna sjúkdómastöðu á grundvelli EES-samningsins.

Yfirdýralæknir skal þegar í stað tilkynna skriflega lögbærum yfirvöldum annarra ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu og Eftirlitsstofnun EFTA um sjúkdóma eða ástand samkvæmt 1. mgr., ákvarðanir sem teknar hafa verið vegna þeirra og rökstuðning fyrir þeim.

10. gr.

Skilyrði íslenskra laga og reglugerða ekki uppfyllt.

Ef yfirdýralæknir kemst að því að eldisdýr sem flutt hafa verið til landsins frá ríkjum innan EES uppfylla ekki skilyrði íslenskra laga og stjórnvaldsreglna sem settar hafa verið samkvæmt þeim getur yfirdýralæknir að því tilskildu að það stangist ekki á við heilbrigðis-sjónarmið gefið sendanda eða fulltrúa hans kost á að velja milli þess að eldisdýrunum verði haldið undir eftirliti þar til staðfest hefur verið að ákvæðum íslenskra laga og reglugerða sé fylgt eða að eldisdýrunum verði slátrað eða þau send til baka með leyfi lögbærs yfirvalds í sendingarríki.

Reynist heilbrigðisvottorð, flutningsskýrsla eða önnur vottorð sem fylgja eldisdýrunum ekki vera samkvæmt settum reglum skal veita sendanda hæfilegan frest til að koma skjölunum í lag áður en gripið verður til úrræða samkvæmt 1. mgr.

Yfirdýralæknir skal þegar í stað senda lögbærum yfirvöldum þess aðildarríkis sem sending kemur frá tilkynningu um ákvarðanir samkvæmt þessari grein.

Komi ítrekað í ljós að eldisdýr frá sömu eldisstöð fullnægja ekki skilyrðum samkvæmt 1. mgr. skal yfirdýralæknir tilkynna það Eftirlitsstofnun EFTA og viðkomandi yfirvöldum annarra EES-ríkja. Þar til Eftirlitsstofnun EFTA tilkynnir yfirdýralækni um ráðstafanir gagnvart viðkomandi eldisstöð er yfirdýralækni heimilt að auka tíðni skoðana á eldisdýrum frá henni.

11. gr.

Tilkynningar yfirdýralæknis um ákvarðanir og rökstuðningur.

Yfirdýralæknir skal tilkynna sendanda eða fulltrúa hans skriflega um ákvarðanir sem teknar eru samkvæmt 9. gr. og 10. gr. og rökstuðning fyrir þeim.

Yfirdýralæknir skal að ósk sendanda eða fulltrúa hans veita honum nákvæmar upplýsingar um réttarúræði sem hann hefur samkvæmt íslenskum lögum, um málsmeðferðar-reglur og tímafresti.

12. gr.

Kostnaður.

Allur kostnaður sem leiðir af ráðstöfunum yfirdýrlæknis samkvæmt 9. og 10. gr. m.a. vegna endursendingar, einangrunar eða slátrunar skal greiddur af sendanda.

III. KAFLI

Innflutningur frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins.

13. gr.

Viðurkennd ríki.

Innflutningur lifandi eldisdýra frá ríkjum utan EES er því aðeins heimill að viðkomandi þriðja ríki sé á skrá Evrópusambandsins yfir viðurkennd ríki.

14. gr.

Tilkynningaskylda.

Innflytjandi lifandi eldisdýra frá þriðja ríki skal tilkynna yfirdýralækni með a.m.k. 24 klst. fyrirvara um komu sendingar til landsins frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins. Í tilkynningu skulu koma fram upplýsingar um áætlaðan komutíma, innflutningsstað, magn, tegund, lýsingu á vöru og ákvörðunarstað, nafn flutningstækis og eftir því sem við á, skipaskrárnúmer eða flugnúmer. Einnig er heimilt að senda tilkynningu á tölvutæku formi en slík tilkynning skal innihalda sömu upplýsingar og krafist er samkvæmt 2. málslíð.

Tilkynning samkvæmt 1. mgr. skal vera í fjórum eintökum, frumriti og þremur afritum og fá tollyfirvöld eitt afrit en hin þrjú skulu afhent yfirdýralækni eða fulltrúa hans.

Sé áformað að flytja eldisdýr á milli flutningstækja hér á landi á leið til annars ríkis innan EES eða þriðja ríkis utan EES skal það tilkynnt yfirdýralækni með sama hætti.

Öllum eldisdýrum eða sendingum skal fylgja frumrit heilbrigðisvottorðs og annarra skjala sem krafist er svo og upplýsingar um tryggingar sem settar hafa verið fyrir kostnaði sem fallið getur á sendinguna.

15. gr.

Landamærastöð.

Innflutningur lifandi eldisdýra hingað til lands skal fara um landamærastöðina á Keflavíkurflugvelli eða aðrar landmærastöðvar sem hlotið hafa viðurkenningu innan EES.

Landamærastöðvar skulu uppfylla þau skilyrði sem fram koma í viðauka A með reglugerð þessari.

16. gr.

Eftirlit við innflutning.

Lifandi eldisdýr skulu flutt beint á landamærastöðina á Keflavíkurflugvelli við innflutning og skal allt eftirlit samkvæmt reglugerð þessari fara fram í þeirri landamærastöð. Landamærastöðin hefur heimild til að ganga úr skugga um uppruna eldisdýranna, síðari viðtökustað þeirra og að upplýsingar á vottorðum og skjölum veiti þær ábyrgðir sem krafist er hér á landi. Eftirlit yfirdýralæknis skal fara fram þegar við komu eldisdýranna til landsins og ná til eftirfarandi þátta:

- 1) Sannpröfun skjala, en í því felst að sannprófað er að flutningsskýrsla, heilbrigðisvottorð og önnur skjöl fylgi eldisdýrunum.
- 2) Sannpröfun auðkenna, en í því felst sjónræn skoðun á því að samræmi sé á milli eldisdýranna og þeirra skjala er þeim fylgja.
- 3) Heilbrigðiseftirlit en í því felst eftirlit með eldisdýrunum sjálfum m.a. með sýnatöku og prófunum á rannsóknastofu. Eftirlitið skal einkum felast í:
 - a) klíniskri rannsókn á eldisdýrunum til að ganga úr skugga um að heilbrigðisástand þeirra samrýmist upplýsingunum sem kveðið er á um í meðfylgjandi heilbrigðisvottorði og að þau séu klínískt heilbrigð og,
 - b) rannsóknastofuprófunum sem teljast nauðsynleg,
 - c) töku opinberra sýna, ef til kemur, sem á að rannsaka með tilliti til efnaleifa og láta efnagreina eins skjótt og auðið er. Ef yfirdýralæknir telur ástæðu til getur hann sanna-reynt með sýnatöku og öðrum rannsóknum hvort uppfyllt eru skilyrði um sérstakar viðbótarábyrgðir sem veittar eru einstökum ríkjum vegna sjúkdómastöðu á grundvelli EES-samningsins.
 - d) sannpröfun á að farið sé að lágmarkskröfum um verndun dýra í millilandaflutningi, sbr. tilskipun 77/489/EBE frá 18. júlí 1977.²⁾

²⁾ Stjórnartíðindi EB nr. L 200, 8.8.1977, bls. 10.

17. gr.

Eftirlit fyrir flutning til annars viðtökuríkis.

Ef eldisdýr frá landi utan EES eru flutt tímabundið í landamærastöðina á Keflavíkurflugvelli á leið til annars viðtökuaðildarríkis innan EES getur allt eftirlit samkvæmt 16. gr. farið fram á þeirri landamærastöð, að því tilskildu að viðtökuaðildarríki veiti fyrirfram samþykki sitt. Yfirdýralæknir skal þá senda staðfestingu samkvæmt 16. gr. til opinbers eftirlitsaðila í viðtökuaðildarríki.

Ef samningur hefur verið gerður milli yfirdýralæknis og lögbærra stjórnvalda aðildarríkis og, ef við á, stjórnvalda umflutningsaðildarríkisins eða umflutningsaðildarríkjanna, er heimilt að einungis eftirlit samkvæmt 1.-2. tl. 16. gr. fari fram á landamærastöðinni á Keflavíkurflugvelli. Í því tilviki er þó ekki heimilt að flytja eldisdýrin úr landamærastöðinni á Keflavíkurflugvelli þar sem sannpröfun skjala og auðkenna hefur farið fram nema í lokuðum farartækjum. Einnig skal yfirdýralæknir hafa tilgreint á afriti eða, ef sendingu er skipt, á afritum upprunalegu vottorðanna að dýrin hafi farið þar um og eftirlit hafi farið fram og tilkynnt það opinberum eftirlitsaðila á viðtökustað eða eftir atvikum umflutningsaðildarríki eða -ríkjum um Animo-netkerfið.

Reglur þær sem fram koma í 1.-2. mgr. skulu einnig gilda þegar eldisdýr eru flutt á milli flutningstækja og þau á að flytja áfram til þriðja ríkis.

Ef grunur leikur á að eldisdýr sem flytja á til annars viðtökuríkis samkvæmt þessari grein kunni að vera haldin sjúkdómum sem stofnað geti í hættu lífi eða heilsu manna getur yfirdýralæknir þrátt fyrir ákvæði 1.-3. mgr. ákveðið að framkvæma ítarlegri skoðun, þ.m.t. heilbrigðisskoðun í samræmi við 3. tl. 16. gr. Reynist sá grunur á rökum reistur getur yfirdýralæknir gripið til viðeigandi ráðstafana samkvæmt reglugerð þessari.

18. gr.

Flutningur um landamærastöð á leið til áfangastaðar í þriðja ríki.

Ef lifandi eldisdýr frá þriðja ríki utan EES koma á landamærastöðina á Keflavíkurflugvelli og áfangastaður þeirra er annað þriðja ríki, skal yfirdýralæknir heimila slíkan flutning að því tilskildu að eldisdýrin komi frá þriðja ríki sem er á skrá Evrópusambandsins yfir viðurkennd lönd, sbr. 13. gr. og að með eftirliti samkvæmt 16. gr. sé sannreynt að eldisdýrin standist kröfur þessarar reglugerðar.

Víkja má frá 1. mgr. ef um er að ræða flutning úr einu flutningstæki í annað í þeim tilgangi að senda eldisdýrin áfram án frekari viðkomu á Evrópska efnahagssvæðinu.

Flutningur eldisdýra samkvæmt 1. mgr. skal hafa verið heimilaður af yfirvöldum þess ríkis sem eldisdýrin komu fyrst inn á á Evrópska efnahagssvæðinu. Eina meðhöndlunin sem leyfð er meðan á umflutningi stendur er sú sem fram fer á komustöðum og brottfararstöðum til að tryggja velferð eldisdýranna.

Yfirdýralæknir skal senda tilkynningu um flutninginn í gegnum Animo-netkerfið. Skal hann auk þess votta á staðfestingarskjal að vörurnar hafi yfirgefið Evrópska efnahagssvæðið og senda afrit af skjalinu með viðeigandi hætti.

Allur kostnaður sem hlýst af beitingu þessarar greinar skal greiddur af sendanda, viðtakanda eða fulltrúa þeirra.

19. gr.

Flutningur á svæði sem sérstakar kröfur gilda um.

Ef eldisdýr eiga að fara til ríkis eða svæðis þar sem sérstakar kröfur gilda, sýni hafa verið tekin en niðurstöður liggja ekki fyrir þegar vara fer frá viðkomandi landamærastöð eða innflutningur er leyfður í sérstökum tilgangi, skal yfirdýralæknir senda upplýsingar um það til viðkomandi landamærastöðvar í gegnum Animo-netkerfið.

Þegar um er að ræða eldisdýr sem eiga að fara til ríkis eða svæðis þar sem sérstakar kröfur gilda eða innflutningur hefur verið leyfður í sérstökum tilgangi skal gengið úr skugga um hvort eldisdýrin uppfylla þær sérstöku kröfur sem gilda í því ríki eða svæði sem eldisdýrin eiga að fara til. Yfirdýralæknir skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að eldisdýrin komist á áfangastað.

20. gr.

*Flutningur eldisfisks með uppruna í aðildarríkjum
EES frá þriðja ríki sem hafnað hefur innflutningi.*

Eldisdýr sem upprunnin eru í einhverju af aðildarríkjum EES og hafnað er af þriðja ríki skal vera heimilt að flytja inn til landsins að því tilskildu að þeim fylgi upprunalegt heilbrigðisvottorð eða afrit staðfest af opinberum eftirlitsaðila sem skoðað hefur vottorðið. Þar skal koma fram ástæða höfnunarinnar og að ábyrgst sé að skilyrði við geymslu og flutning hafi verið fullnægjandi og að eldisdýrin hafi ekki verið meðhöndluð.

Yfirdýralæknir getur ekki hafnað flutningi í slíkum tilvikum ef lögbært yfirvald í upprunaríki hefur samþykkt að taka eldisdýrin til baka og að uppfylltum skilyrðum 1. mgr. Eldisdýrin skulu flutt í vatnsþéttum flutningstækjum auðkenndum af opinberum eftirlitsaðila.

21. gr.

Innflutningsskilyrði ekki uppfyllt.

Leiði eftirlit í ljós að eldisdýr uppfylla ekki innflutningsskilyrði samkvæmt þessari reglugerð er einungis heimilt að flytja þau í sérstaka geymslu sem viðurkennd er af yfirdýralækni og skal flutningurinn eiga sér stað í vatnsþéttu flutningstæki. Óheimilt er að flytja þau úr einu flutningstæki í annað eða úr einni geymslu í aðra. Halda skal skrá um komu og brottför eldisdýranna í og úr geymslunni þar sem fram komi upplýsingar um tegund, magn og nafn og heimilisfang móttakanda. Skráin skal varðveitt í 3 ár hið minnsta.

Yfirdýralæknir skal þá í samráði við innflytjanda eða fulltrúa hans grípa til þeirra ráðstafana sem hann telur nauðsynlegar en þær geta verið eftirfarandi:

- a) að fódra og annast eldisdýrin,
- b) setja eldisdýrin í sóttkví eða einangra sendinguna,
- c) endursenda eldisdýrin innan þeirra tímamarka sem yfirdýralæknir ákveður að því tilskildu að það samræmist ákvæðum íslenskra laga og reglugerða um heilbrigði dýra og velferð. Í því tilviki skal yfirdýralæknir tilkynna öðrum landamærastöðvum um að sendingunni hafi verið vísað frá, í hverju brotin hafi verið fólgin og hversu oft þau hafa átt sér stað ásamt því að ógilda það dýraheilbrigðisvottorð sem fylgdi sendingunni sem vísað var frá. Ef endursending eldisdýranna er óframkvæmanleg getur yfirdýralæknir að lokinni skoðun meðan eldisdýrin eru enn lifandi heimilað slátrun þeirra til manneldis en að öðrum kosti fyrirskipað að eldisdýrunum verði fargað og tilgreint skilyrði varðandi eftirlit með nýtingu afurða sem verða til með þeim hætti.

Kostnaður sem stofnað er til vegna þeirra ráðstafana sem kveðið er á um í 2. mgr. skal greiddur af innflytjanda eða fulltrúa hans. Afrakstur af sölu afurða sem verða til við förgun dýranna skal renna til eiganda eldisdýranna eða fulltrúa hans að frádregnum áðurnefndum kostnaði.

22. gr.

Sjúkdómahætta.

Leiði eftirlit í ljós að innflutt eldisdýr séu líkleg til að stofna heilbrigði manna eða dýra í hættu skal yfirdýralæknir fyrirskipa förgun og eyðingu þeirra svo fljótt sem kostur er. Yfirdýralæknir skal upplýsa aðrar landamærastöðvar og Eftirlitsstofnun EFTA um slíkar ráðstafanir og uppruna varanna í gegnum Animo-netkerfið.

Ef ákveðið er að farga eldisdýrum skal yfirdýralæknir gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að eldisdýrin og förgun á þeim séu undir stöðugu opinberu eftirliti. Förgun skal fara fram á landamærastöð eða á viðeigandi stað eins nálægt landamærastöð og kostur er.

Yfirdýralæknir skal gera lögbæru yfirvaldi þess ríkis sem vörurnar eiga að fara til viðvart í gegnum Animo-netkerfið.

23. gr.

Staðfesting eftirlitsaðila og leyfi til innflutnings.

Að loknu eftirliti í landamærastöð skal yfirdýralæknir eða fulltrúi hans gefa út sérstakt skjal um heimild til innflutningsins og staðfesta með undirritun sinni á formi sem yfirdýralæknir gefur út. Frumrit skjalsins skal fylgja eldisdýrunum á meðan þau eru undir tolleftirliti eða þar til þau komast til ákvörðunarstaðar. Innflytjanda skal afhent afrit af skjalinu og skal annað afrit varðveitt á landamærastöð í þrjú ár hið minnsta.

Sé sendingu skipt í fleiri hluta skal yfirdýralæknir gefa út staðfestingu samkvæmt 1. mgr. fyrir hverja einstaka hluta sendingarinnar.

Innflutningur skal því aðeins leyfður að fram komi í staðfestingu yfirdýralæknis samkvæmt 1.-2. mgr. að eldisdýrin hafi staðist eftirlit og aðeins í samræmi við þær kröfur sem fram koma í staðfestingu yfirdýralæknis.

Yfirdýralæknir skal afhenda innflytjanda afrit af heilbrigðisvottorði og öðrum skjölum er fylgdu eldisdýrunum en frumritin skulu varðveitt á landamærastöð í þrjú ár hið minnsta.

24. gr.

Flutningur til eldisstöðvar.

Innflutt eldisdýr frá þriðju ríkjum skulu að fenginni staðfestingu yfirdýralæknis samkvæmt 23. gr. flutt beint á viðtökueldisstöð eftir atvikum undir eftirliti yfirdýralæknis eða fulltrúa hans.

IV. KAFLI

Tilkynninga- og leiðbeiningaskylda opinbers eftirlitsaðila.

25. gr.

Tilkynninga- og leiðbeiningaskylda.

Yfirdýralæknir skal tilkynna hlutaðeigandi aðilum um ákvarðanir sem teknar eru á grundvelli þessarar reglugerðar og um rökstuðning fyrir þeim.

Óski viðkomandi aðili þess, skulu upplýsingar samkvæmt 1. mgr. afhentar honum skriflega ásamt upplýsingum um þau réttarúrræði sem hann hefur samkvæmt íslenskum lögum, málsmeðferðarreglur og tímafrestí.

V. KAFLI

Kostnaður.

26. gr.

Kostnaður.

Allur kostnaður sem leiðir af eftirliti yfirdýralæknis og ráðstöfunum sem nauðsynlegt reynist að grípa til í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar skal greiddur af sendanda. Greiðsla fyrir eftirlitið skal fara fram áður en tollafgreiðsla fer fram og getur yfirdýralæknir þá einnig krafist tryggingar fyrir þeim kostnaði sem kann að falla til við endursendingu, geymslu, förgun o.fl.

VI. KAFLI

Ráðstafanir opinbers eftirlitsaðila vegna gruns um brot á löggjöf o.fl.

27. gr.

Eftirlit og rannsóknir.

Leiki grunur á að ekki hafi verið farið eftir heilbrigðislöggjöf eða vafi leikur á um auðkenningu eldisdýra, endanlegan ákvörðunarstað þeirra, hvort eldisdýrin uppfylli þær kröfur

sem gerðar eru til þeirra í lögum og reglum, eða að þau séu í samræmi við þær heilbrigðis-kröfur sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu skal yfirdýralæknir eða fulltrúi hans framkvæma það eftirlit sem nauðsynlegt er talið til að staðfesta eða afsanna slíkan grun. Eldisdýrin skulu vera undir eftirliti yfirdýralæknis þar til niðurstöður eftirlits liggja fyrir. Reynist slíkur grunur á rökum reistur skal fara fram aukið eftirlit á eldisdýrum af sama uppruna.

28. gr.

Tilkynningar.

Ef yfirdýralæknir telur á grundvelli eftirlits á eldisdýrum sem markaðssett skulu hér á landi að brotið sé í bága við ákvæði þessarar reglugerðar eða lög og stjórnvaldsreglur í öðru aðildarríki EES skal yfirdýralæknir þegar í stað gera lögbærum yfirvöldum þess ríkis viðvart. Ef yfirdýralæknir telur skýringar eða ráðstafanir ófullnægjandi skal hann ásamt lögbæru yfirvaldi hlutaðeigandi ríkis leita leiða til að bæta ástandið.

Leiði eftirlit sem um getur í 1. mgr. í ljós ítrekað brot á ákvæðum þessarar reglugerðar skal yfirdýralæknir tilkynna það Eftirlitsstofnun EFTA. Þar til tilkynning berst frá Eftirlitsstofnun EFTA um aðgerðir sem grípa á til er yfirdýralækni heimilt að efla eftirlit með eldisdýrum sem koma frá viðkomandi eftirlitsstað.

VII. KAFLI

Öryggisákvæði.

29. gr.

Stöðvun innflutnings.

Í þeim tilvikum sem sjúkdómur eða annað, sem kann að stofna heilbrigði manna og dýra í alvarlega hættu, kemur upp eða breiðist út á yfirráðasvæði annars ríkis eða ef einhver önnur alvarleg ástæða er varðar heilbrigði manna eða dýra réttlætir slíkt getur landbúnaðarráðuneytið án fyrirvara stöðvað innflutning frá viðkomandi ríki eða sett sérstök skilyrði fyrir innflutningi.

Ráðstafanir samkvæmt 1. mgr. skal tilkynna hinum aðildarríkjum EES-samningsins og Eftirlitsstofnun EFTA.

VIII. KAFLI

Ýmis ákvæði.

30. gr.

Viðurlög.

Brot gegn reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt lögum nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði, lögum nr. 54/1990 um innflutning dýra og lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim með síðari breytingum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

31. gr.

Lagaheimild.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði, lögum nr. 54/1990 um innflutning dýra og lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim með síðari breytingum, sbr. bráðabirgðalög nr. 103/2003 og með hliðsjón af tilskipun ráðs Evrópubandalaganna nr. 90/425/EBE frá 26. júní 1990 og tilskipun ráðs Evrópubandalaganna nr. 91/496/EBE frá 15. júlí 1991.

32. gr.
Gildistaka.

Reglugerð þessi öðlast gildi 21. júlí 2003.

Landbúnaðarráðuneytinu, 16. júlí 2003.

F. h. r.
Ólafur Friðriksson.

Sigríður Norðmann.

VIÐAUKI A

Almenn skilyrði fyrir viðurkenningu skoðunarstöðva á landamærum.

Til að hljóta EBE viðurkenningu skulu landamærastöðvar hafa:

- 1) sérstaka aðrein fyrir flutning lifandi dýra, til að hlífa dýrunum við tilefnislausri bið;
- 2) aðstöðu (sem auðvelt er að þrifa og sótthreinsa) fyrir fermingu og affermingu ólíkra flutningstækja, skoðun, fóðrun og meðhöndlun dýranna, þar sem rými, lýsing og loft-ræsting er fullnægjandi með tilliti til þess fjölda dýra sem á að skoða;
- 3) nógu marga dýralækna og sérþjálfaða aðstoðarmenn til að þeir geti, með tilliti til þess fjölda dýra sem fer um landamærastöð, sannprófað fylgiskjöl og framkvæmt klínískt eftirlit;
- 4) nógu rúmgott húsnæði fyrir starfsmennina sem annast dýraheilbrigðiseftirlitið, þar með talið búningsherbergi, sturtur og salerni;
- 5) húsnæði og aðstöðu sem hentar fyrir sýnatöku og úrvinnslu sýna í tengslum við kerfisbundið eftirlit sem mælt er fyrir um í EES-reglum.
- 6) aðgang að þjónustu sérhæfðrar rannsóknastofu þar sem unnt er að gera sérstök próf á sýnunum sem eru tekin á stöðinni;
- 7) aðgang að starfsstöð í næsta nágrenni stöðvarinnar með aðstöðu og búnað til að fóðra, meðhöndla og, ef nauðsyn ber til að slátra dýrunum;
- 8) hentuga aðstöðu, ef skoðunarstöðvarnar eru áningar- eða umfermingarstaðir við flutning dýra, til að unnt sé að afferma, fóðra og annast dýrin, ef þörf krefur og meðhöndla þau eða, ef nauðsyn ber til, slátra þeim á staðnum á þann hátt að þau þurfi ekki að þjást að óþörfu;
- 9) viðeigandi búnað fyrir hröð upplýsingaskipti við aðrar landamærastöðvar og lögbær dýraheilbrigðisyfirvöld;
- 10) búnað og aðstöðu fyrir þrif og sótthreinsun.

VIÐAUKI B

Almenn skilyrði fyrir viðurkenningu sóttvarnarstöðva.

1. Kröfur 2., 4., 5., 7., 9. og 10. liðar viðauka A skulu gilda.
2. Þar að auki skulu sóttvarnarstöðvar:
 - vera undir stöðugu eftirliti opinbers dýralæknis og vera á hans ábyrgð,
 - vera staðsettar langt frá bújörðum og öðrum stöðum þar sem dýr eru haldin sem líkur eru á að séu með smitandi sjúkdóma,
 - hafa gott eftirlitskerfi til að tryggja viðunandi eftirlit með dýrunum.

VIÐAUKI C

Reglur um sannprófun skjala og auðkenna eldisdýra frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins.*Skjalaskoðun.*

Skoða skal hvert heilbrigðisvottorð og önnur skjöl, sem fylgja sendingu frá þriðja ríki, til þess að ganga úr skugga um eftirfarandi:

1. Að það sé frumrit vottorðs eða skjals.
2. Að það eigi við ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins eða svæði slíks ríkis sem hefur heimild fyrir útflutningi til Evrópska efnahagssvæðisins.
3. Að framsetning og efni sé í samræmi við fyrirmynd vottorðs sem samþykkt hefur verið fyrir viðkomandi eldisdýr og hlutaðeigandi ríki.
4. Að það sé ein pappírsörk.
5. Að það sé fullfrágengið.
6. Að útgáfudagur vottorðs sé sá hinn sami og þegar eldisdýr voru fermd til flutnings til Evrópska efnahagssvæðisins.
7. Að þar komi fram hvar tollafgreiðsla eldisdýranna skuli fara fram og hver sé endanlegur móttakandi þeirra.
8. Að það varði starfsstöð sem hefur heimild til útflutnings til Evrópska efnahagssvæðisins.
9. Að það sé á íslensku eða ensku.
10. Að það sé undirritað af opinberum eftirlitsmanni (lögbæru yfirvaldi) og að nafn hans og staða sé skráð með læsilegum hástöfum og enn fremur að opinber heilbrigðisstimpill viðkomandi ríkis sé í öðrum lit en annar texti vottorðsins.
11. Að upplýsingarnar á vottorðinu séu í samræmi við upplýsingarnar á skjali um staðfestingu samkvæmt 16. gr.

Auðkennaskoðun.

Auðkennaeftirlit með eldisdýrum, skal m.a. fela í sér eftirfarandi:

1. Sannprófun á innsigli flutningstækis í þeim tilvikum sem krafa er gerð um slíkt;
2. Að því er allar tegundir varðar; athugun á því hvort opinber stimpill eða heilbrigðismerkingar sem gefa upprunalandið og upprunastarfsstöðina til kynna séu til staðar og séu í samræmi við vottorðið eða skjalið.

VIÐAUKI D

Vottorð til staðfestingar heilbrigðiseftirliti með eldisdýrum og afurðum sem flutt eru inn til Evrópska efnahagssvæðisins frá þriðja landi.
Certificate for veterinary checks on aquaculture animals and products introduced into the EEA from Non-Member Countries.

Allar leiðréttingar eða útstrikanir sem ekki eru staðfestar af réttu lögmætu yfirvaldi gera þetta skjal ógilt.

Any alteration or erasure on this document by an unauthorized person makes it invalid.

1. Upplýsingar um sendingu til skoðunar ¹
 Details of consignment presented ¹

Landamærastöð með heilbrigðiseftirlit
 Border inspection post carrying
 out the veterinary checks

Upprunaland
 Country of Origin

Útflutningsland
 Country where consigned

Sendandi
 Consignor

Innflytjandi
 Importer

Ákvörðunarland innan EES
 Country of destination in the EEA

 (Land, viðtakandi, heimilisfang)
 (Country, establishment, address)

¹ Útfyllt af innflytjanda eða umbjóðanda hans.

¹ To be completed by the importer or his representative.

Tollmeðferð
Customs destination

(Innflutningur, umflutningur, geymsla)
(Import, transit, storage)

Flutningsfar
Means of transport

Flug Flug nr.
Air Flight No.

Sjó Nafn skips og gámanúmer
Sea Vessel name and container No.

Innsigli nr.
Seal No.

Sendingarnúmer CN code	Innihaldslýsing sendingar Nature of Goods	Geymsluaðferð Type of Preservation	Stykkjafjöldi Number of Packages	Brúttóþyngd Gross Weight	Nettóþyngd Net Weight
		Alls Total			

Áætlaður komutími sendingar, dags., klst. Probable date and time of arrival	Heilnæmis- eða heilbrigðisvottorð: Animal Health and/or Public Health Certificate: Nr. No. _____ Útgáfudagur: Date of Issue: _____ Lögmætt stjórnvald: Issuing authority: _____	Innflytjandi fullt nafn: Complete Identification of Declarer:	Dagsetning: Date:
---	--	--	----------------------

2. Ákvörðun varðandi sendingu til skoðunar²Decision on consignment¹

Tilvísunarnúmer:

Reference number: _____

Leyft til notkunar innan EES: Release for free use in the EEA:	Innflutningur til EES undir tolleftirliti Entry into the EEA under Custom Surveillance
<input type="checkbox"/> Eldisdýr og afurðir hæfar til neyslu Aquaculture animals and products fit for Human Consumption	<input type="checkbox"/> Eldisdýr og afurðir sendar áfram til annars þriðja ríkis án umhleðslu: Aquaculture animals and products consigned to another third country without unloading: (Nafn þriðja ríkis): (Name of third country): _____
<input type="checkbox"/> Eldisdýr og afurðir hæfar til dýrafóðurs: Aquaculture animals and products destined for animal feed to: _____ (land, fyrirtæki) (country, establishment) Eldisdýr og afurðir til lyfjafræðilegrar notkunar Aquaculture animals and products destined for pharmaceutical use _____ (land, fyrirtæki) (country, establishment)	<input type="checkbox"/> Eldisdýr og afurðir til geymslu á frísvæði eða í frígeymslu: Aquaculture animals and products for storage in free zone or free warehouse: (Nafn svæðis eða geymslu) (Name and Address): _____ _____ _____
<input type="checkbox"/> Eldisdýr og afurðir óhæfar til neyslu og dýrafóðurs Aquaculture animals and products unfit for human consumption or animal feed use	<input type="checkbox"/> Eldisdýr og afurðir til geymslu í tollvörugeymslu: Aquaculture animals and products for storage in Customs Warehouse: (nafn tollvörugeymslu): (Name and Address): _____ _____ _____
<input type="checkbox"/> Eldisdýr og afurðir til annarrar úrvinnslu (lýsing) Aquaculture animals and products destined to undergo other technical treatment (indicate) _____ _____	<input type="checkbox"/> Eldisdýr og afurðir til flutnings áfram til aðildaríkis með sérstakar kröfur: Aquaculture animals and products consigned to a Member State with specific requirements: (Nafn lands og fyrirtækis) og samkvæmt ákvörðun nr.: (Country and establishment) and conforming to Decision No.: _____ _____
<input type="checkbox"/> Eldisdýr og afurðir til annarrar notkunar (lýsing) Aquaculture animals and products for other uses (indicate) _____ _____	<input type="checkbox"/> Eldisdýr og afurðir til flutnings áfram til aðildaríkis með sérstakar kröfur: Aquaculture animals and products consigned to a Member State with specific requirements: (Nafn lands og fyrirtækis) og samkvæmt ákvörðun nr.: (Country and establishment) and conforming to Decision No.: _____ _____

² Útfyllt á ábyrgð lögmæts yfirvalds. Strikað yfir það sem ekki á við og merkt við það sem við á.¹ To be completed by ticking the applicable entry and deleting the others.

Sendingu vísað frá: Importation refused: Ástæða: Reason:	Aðgerð ákveðin: Action:	Endursendist fyrir: To be returned before: _____ Eyðist fyrir: To be destroyed before: _____ Til vinnslu í samræmi við 4. gr. ákvörðunar nr. 93/13/EEC: (Nafn vinnslufyrirtækis) To be processed in conformity with Article 4 of Devision 93/13/EEC: (Name, address of processing establishment) _____									
Fullt nafn landamærastöðvar og opinber stimpill: ³ Full identification of border inspection post and official seal: ¹	Dag- setning: ¹ Date: ¹	Lögmætt stjórnvald: Competent Authority: Undirskrift: Signature: Nafn í stórum prentstöfum: Name in capital letters: _____									
Athugasemdir: Remarks: <table border="0" style="width: 100%;"> <tr> <td data-bbox="60 904 359 958">Eftirlit framkvæmt: Checks carried out:</td> <td data-bbox="365 904 604 958">Skjalaskoðun: Documents:</td> <td data-bbox="623 904 951 958">Sannprófun merkinga: Identity:</td> <td data-bbox="957 904 1089 958">Vöruskoðun: Physical:</td> </tr> <tr> <td data-bbox="60 1012 359 1066">Framkvæmdar rannsóknir: Laboratory tests carried out:</td> <td colspan="3" data-bbox="623 1012 1089 1066">Niðurstöður: Results:</td> </tr> </table>				Eftirlit framkvæmt: Checks carried out:	Skjalaskoðun: Documents:	Sannprófun merkinga: Identity:	Vöruskoðun: Physical:	Framkvæmdar rannsóknir: Laboratory tests carried out:	Niðurstöður: Results:		
Eftirlit framkvæmt: Checks carried out:	Skjalaskoðun: Documents:	Sannprófun merkinga: Identity:	Vöruskoðun: Physical:								
Framkvæmdar rannsóknir: Laboratory tests carried out:	Niðurstöður: Results:										
Innsigli lögmæts stjórnvalds á landamærastöð: Seal number of official service:		Lögmætt stjórnvald viðtökulands: Competent authority of place of destination:									

³ Útfyllist af lögmætu yfirvaldi á landamærastöð.

¹ To be completed by the competent authority responsible for the border inspection post.

VIÐAUKI E Rannsóknastofuprófanir.

Yfirdýralæknir skal útbúa eftirlitsáætlun vegna prófana á viðurkenndri rannsóknastofu til að sannprófa að farið sé að heilbrigðisreglum. Í áætluninni skal koma fram hvernig stað-
ið skuli að sýnatöku, meðferð og geymslu sýna og tilkynningum til annarra eftirlitsaðila og Eftirlitsstofnunar EFTA. Tillit skal tekið til þess hvers eðlis eldisdýrin eru og þeirrar hættu er kann að stafa af þeim.

Opinber eftirlitsmaður á þeirri landamærastöð, þar sem prófanir eru gerðar samkvæmt eftirlitsáætlun yfirdýralæknis, skal senda upplýsingar til lögbærs yfirvalds á viðtökustað í gegnum viðeigandi tölvukerfi samkvæmt kröfum sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu og tilgreina prófin í skjali sem gefið er út til staðfestingar á því eftirliti sem farið hefur fram. Varði prófin efni eða smitvalda sem dýrum eða mönnum getur stafað hættu af getur opinberi eftirlitsmaðurinn á þeirri landamærastöð sem prófin gerði frestað afhendingu sendingar þar til niðurstöður úr rannsóknastofuprófi liggja fyrir.

Ákveði yfirdýralæknir, einkum að lokinni rannsókn á vörusendingu eða á grundvelli upplýsinga frá öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu eða Eftirlitsstofnun EFTA, eða á grundvelli óhagstæðra niðurstaðna úr rannsókn á fyrri vörusendingu, að láta fara fram rannsóknastofupróf er einungis heimilt að senda vöruna á viðtökustað með því skilyrði að niðurstöður úr rannsóknaprófinu séu fullnægjandi. Fram að þeim tíma er vörusendingin undir eftirliti opinbers eftirlitsmanns á viðkomandi landamærastöð þar sem eftirlit fór fram.

REGLUGERÐ

um skilyrði á sviði dýraheilbrigðis sem áhrif hafa á markaðssetningu eldisdýra og afurða þeirra.

I. KAFLI

Tilgangur, gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.

Tilgangur.

Tilgangur þessarar reglugerðar er að hindra útbreiðslu smitsjúkdóma í eldisdýrum við markaðssetningu lifandi eldisdýra og eldisafurða.

2. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um markaðssetningu innan Evrópska efnahagssvæðisins og innflutning frá löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins á eldisdýrum og afurðum þeirra. Með reglugerðinni er kveðið nánar á um þær heilbrigðiskröfur sem gerðar eru við markaðssetningu á eldisdýrum og afurðum þeirra.

3. gr.

Skilgreiningar.

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. *Eldisafurðir*: afurðir af eldisdýrum, hvort sem þær eru ætlaðar til ræktunar eða til manneldis.

2. *Eldisdýr*: lifandi fiskur, krabbadýr eða lindýr frá eldisstöð, óháð þroskastigi, að meðtöldum dýrum sem lifa upprunalega villt en eru ætluð fyrir eldisstöð.
3. *Eldisstöð*: starfsstöð eða almennt landfræðilega skilgreint mannvirki þar sem eldisdýr eru rækтуð eða alin með markaðssetningu í huga.
4. *Evrópska efnahagsvæðið*: samanstendur af aðildarríkjum Evrópusambandsins ásamt Noregi og Íslandi og er nefnt EES í reglugerð þessari.
5. *Markaðssetning*: geymsla eða sýning eldisdýra og afurða í þeim tilgangi að selja eldisdýrin og afurðirnar, bjóða til sölu, afhenda eða framselja með einhverjum öðrum hætti eða setja á markað innan EES, að smásölu undanskilinni.
6. *Opinber eftirlitsaðili*: embætti yfirdýralæknis og fulltrúi þess hér á landi en erlendis önnur sambærileg stofnun sem er tilnefnd af þar til bæru yfirvaldi aðildarríkis innan EES eða lands utan EES (þriðja lands) og ber ábyrgð á eftirlitinu sem kveðið er á um í þessari reglugerð.
7. *Viðurkennd eldisstöð*: eldisstöð sem uppfyllir, eftir því sem við á, kröfurnar í I., II. eða III. hluta viðauka C og er viðurkennd sem slík.
8. *Viðurkennd rannsóknastofa*: Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum, fisksjúkdómadeild hér á landi en erlendis önnur sambærileg stofnun sem tilnefnd er af þar til bæru yfirvaldi aðildarríkis innan EES eða lands utan EES (þriðja lands).
9. *Viðurkennt svæði*: svæði sem uppfyllir, eftir því sem við á, ákvæði I., II. eða III. hluta viðauka B og er viðurkennt sem slíkt.
10. *Þriðja land*: land sem er utan Evrópska efnahagsvæðisins.

II. KAFLI

Almennar kröfur vegna markaðssetningar eldisdýra og afurða þeirra.

4. gr.

Tilkynningarskylda.

Innflytjandi skal tilkynna yfirdýralækni með 24 klst. fyrirvara um fyrirhugaðan innflutning (markaðssetningu) eldisdýra og afurða þeirra.

Tilkynning skal vera skrifleg og í henni skulu koma fram upplýsingar um áætlaðan komutíma, innflutningsstað, magn, tegund, lýsingu á vöru og ákvörðunarstað, nafn flutningatækis og eftir því sem við á, skipaskrárnúmer eða flugnúmer. Heimilt er að senda tilkynningu á tölvutæku formi.

5. gr.

Flutningur – Flutningstæki.

Flytja skal eldisdýr eins fljótt og unnt er til viðtökustaða með flutningatæki sem hefur verið hreinsað og, ef með þarf, sótthreinsað fyrirfram með sótthreinsiefni. Flutningur skal fara þannig fram að heilbrigði dýranna sé tryggt. Flutningstæki og búnaður þess skal þrífinn og sótthreinsaður fyrirfram með sótthreinsiefni sem er opinberlega viðurkennt í sendingaraðildarríkinu og skal fylgja opinbert vottorð þar um.

Ef vatn er notað í landflutningum skulu flutningatækin þannig úr garði gerð að vatn geti ekki lekið út meðan á flutningunum stendur. Flutningar skulu fara þannig fram að heilbrigði dýranna sé tryggt, einkum með því að skipta um vatn í samræmi við viðauka D.

6. gr.

Flutningsskýrsla, heilbrigðisvottorð og rekjanleiki.

Ef ekki er kveðið á um annað í reglugerð þessari, skal heilbrigðisvottorð frá opinberum eftirlitsaðila fylgja hverri vörusendingu af lifandi eldisdýrum, hrognum og sviljum. Hver

vörusending skal greinilega auðkennd svo að unnt sé að rekja hana til baka til upprunaeldisstöðvarinnar og sannreyna, eftir því sem við á, tengsl dýranna eða afurðanna við upplýsingarnar sem fram koma á meðfylgjandi flutningsskýrslu og heilbrigðisvottorði. Eyðublöð fyrir flutningsskýrslur skulu vera rituð á tungumáli sendingarríkis og viðtökuríkis.

Heilbrigðisvottorð skal uppfylla eftirtalin skilyrði:

1. vera útgefið af opinberum eftirlitsaðila á upprunastað;
 - a. innan 48 klukkustunda fyrir fermingu vegna flutnings til landa innan EES,
 - b. þann dag sem vörusendingin er afhent til flutnings vegna markaðssetningar frá landi utan EES,
2. vera ritað á opinberu tungumáli bæði brottfarar- og viðtökulands. Vegna innflutnings frá löndum utan EES skal vottorðið einnig vera ritað á opinberu tungumáli landamærastöðvar. Embætti yfirdýralæknis getur veitt undanþágu frá þessum tölu-lið enda hafi það ekki áhrif á starf opinbers eftirlitsaðila,
3. vera ein pappírsörk,
4. vera útgefið til eins viðtakanda,
5. fylgja vörusendingunni í frumriti,
6. gilda í mesta lagi í 10 daga frá útgáfudegi.

Heilbrigðisvottorð skal jafnframt innihalda upplýsingar um tegund, magn og uppruna og staðfesta að eldisdýrin eða tiltekna afurðir uppfylli kröfur þessarar reglugerðar.

7. gr.

Almennt um markaðssetningu á lifandi eldisdýrum og eldisafurðum.

Við markaðssetningu á lifandi eldisdýrum og eldisafurðum skulu eftirfarandi skilyrði vera uppfyllt:

1. Lifandi eldisdýr skulu á fermingardegi uppfylla eftirtalin skilyrði;
 - a) ekki sýna nein klínísk sjúkdómseinkenni,
 - b) ekki vera ætluð til förgunar eða slátrunar samkvæmt áætlun ríkis um niðurskurð vegna sjúkdóms, sem tilgreindur er í viðauka A og
 - c) ekki koma frá eða hafa komist í snertingu við dýr frá eldisstöð eða svæði sem um gilda opinberar takmarkanir vegna staðfestrar sykingar eða rökstudds gruns um sjúkdóma sem tilgreindir eru á skrá I, II eða III í viðauka A.
2. Eldisafurðir settar á markað til ræktunar, svo sem hrogn og svil, skulu vera af dýrum sem fullnægja skilyrðum 1. töluliðar.
3. Eldisafurðir settar á markað til manneldis skulu vera af dýrum sem fullnægja skilyrðum a-liðar, 1. töluliðs.

III. KAFLI

Viðbótarkröfur vegna markaðssetningar eldisdýra og afurða þeirra innan Evrópska efnahagssvæðisins.

8. gr.

Lifandi fiskur og lindýr, hrogn og svil þeirra, sem tilheyra smitnæmum tegundum og tilgreindar eru í 2. dálki, skrá II, viðauka A.

Lifandi fiskur og lindýr, hrogn og svil þeirra, sem tilheyra smitnæmum tegundum tilgreindum í 2. dálki, skrá II, viðauka A, og flytja á til viðurkennds svæðis eða viðurkenndrar eldisstöðvar, skulu koma frá viðurkenndu svæði eða viðurkenndri eldisstöð. Þetta skal staðfest í heilbrigðisvottorði. Flutningsskýrsla skal fylgja sendingum í samræmi við viðauka E.

9. gr.

Lifandi fiskur og lindýr, hrogn og svil þeirra, sem ekki tilheyra smitnæmum tegundum og tilgreindar eru í 2. dálki, skrá II, viðauka A.

Lifandi fiskur og lindýr, hrogn og svil þeirra, sem ekki tilheyra smitnæmum tegundum tilgreindum í 2. dálki, skrá II, viðauka A, og flytja á til viðurkennds svæðis eða viðurkenndrar eldisstöðvar, skulu koma frá:

- 1) viðurkenndu svæði eða,
- 2) viðurkenndri eldisstöð, eða
- 3) frá eldisstöð sem ekki er í tengslum við vatnasvæði, hafströnd, lón eða ármynni og sem ekki hafa fisk eða lindýr af tegundum sem eru tilgreindar í 2. dálki, skrá II, viðauka A.

Skilyrði samkvæmt 1. mgr. skulu staðfest í heilbrigðisvottorði. Flutningsskýrsla skal fylgja sendingum í samræmi við viðauka E.

10. gr.

Villtur fiskur, lindýr og krabbadýr, að meðtöldum hrognum og sviljum, sem flytja skal í eldisstöð.

Villtur fiskur, lindýr og krabbadýr, að meðtöldum hrognum og sviljum, sem flytja skal á viðurkennt svæði eða í viðurkennda eldisstöð, skulu koma frá viðurkenndu svæði.

Þar sem dýr eru fönguð á opnu hafi til undaneldis á viðurkenndu svæði eða í viðurkenndri eldisstöð, skal setja dýrin í einangrun eftir leiðbeiningum og undir eftirliti opinbers eftirlitsaðila.

11. gr.

Eldisdýr, eldisafurðir, villt lifandi veidd lindýr og krabbadýr til manneldis.

Fiskur sem er smitnæmur fyrir sjúkdómum sem eru tilgreindir í 1. dálki, skrá II, viðauka A, og flytja á frá svæði eða eldisstöð, sem ekki er viðurkennt, til viðurkennds svæðis eða viðurkenndrar eldisstöðvar, skal aflifaður og slægður fyrir flutning.

Við útflutning óslægðs atlantshafslax, sjóbirtings og regnbogasilungs með uppruna á Íslandi skal framleiðslan ekki koma frá eldisstöð með takmarkanir vegna rökstudds gruns eða staðfests tilviks um blóðþorra (ISA). Slíkur útflutningur skal heldur ekki eiga sér stað frá svæði sem liggur innan eftirlitssvæðis vegna blóðþorra (ISA), sbr. reglugerð nr. 665/2001 um viðbrögð við smitsjúkdómum.

Lifandi lindýr, sem eru smitnæm fyrir sjúkdómum, sem tilgreindir eru í 1. dálki, skrá II, viðauka A, og flytja á frá svæði sem ekki er viðurkennt til viðurkennds svæðis skal afhenda annaðhvort beint til manneldis eða til lagmetisiðnaðarins. Slík lifandi lindýr má geyma um stundarsakir í kerfi, þar sem opinber eftirlitsaðili hefur viðurkennt kerfi til sóttþreinsunar á frárennslisvatni. Geymsla um stundarsakir má ekki eiga sér stað í eldisstöð.

Lifandi krabbadýr til manneldis skal sjóða við komu á áfangastað eða geyma í kerfi með viðurkenndri sóttþreinsun á frárennslisvatni, sbr. 3. mgr. Geymsla um stundarsakir má ekki eiga sér stað í eldisstöð.

12. gr.

Eftirlit.

Um eftirlit með markaðssetningu lifandi eldisdýra, hrogna og svilja innan EES fer samkvæmt reglugerð nr. 525/2003 um dýraheilbrigðiseftirlit með innflutningi eldisdýra.

Um eftirlit með markaðssetningu afurða eldisdýra innan EES að öðru leyti skal fara samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 849/1999 um eftirlit með innflutningi sjávarafurða eftir því sem við á.

Við ákvarðanir um sýnatökuáætlanir og greiningaraðferðir til að nota við greiningu og staðfestingu sjúkdóma sem um getur í 1. dálki viðauka A innan EES skal fara eftir ákvæðum reglugerðar nr. 527/2003 um sýnatökuáætlanir og greiningaraðferðir við greiningu og staðfestingu á fisksjúkdómunum iðradrepi og veirublæðingu.

IV. KAFLI

Viðbótarkröfur vegna innflutnings eldisdýra og afurða þeirra frá löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins.

13. gr.

Viðurkennd lönd eða landsvæði.

Lifandi eldisdýr og afurðir þeirra má flytja inn frá löndum utan EES, ef viðkomandi land eða landsvæði er talið upp á sérstakri skrá Evrópusambandsins yfir viðurkennd lönd. Að öðru leyti gilda reglur II. og III. kafla þessarar reglugerðar um innflutning frá þessum löndum eftir því sem við á.

Vottorð útgefið af opinberum eftirlitsaðila í þriðja landi skal fylgja lifandi eldisdýrum og afurðum þeirra sem flutt eru inn til landsins ritað á sérstök eyðublöð sem yfirdýralæknir gefur út og uppfylla eftirtalin skilyrði: a) vera útgefið þann dag sem vörusendingin er afhent til afgreiðslu hér á landi, b) fylgja vörusendingunni í frumriti, c) staðfesta að eldisdýrin og tilteknar afurðir uppfylli kröfur þessarar reglugerðar og þær sem settar eru í tengslum við hana vegna innflutningsins, d) gilda í 10 daga, e) vera ein pappírsörk og f) vera gert fyrir einn viðtakanda.

14. gr.

Eftirlit með innflutningi frá þriðju löndum.

Eftirlit með innflutningi eldisdýra, hrognna og svilja frá þriðju löndum skal vera í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 525/2003 um dýraheilbrigðiseftirlit með innflutningi eldisdýra.

Eftirlit með innflutningi afurða eldisdýra frá þriðju löndum skal að öðru leyti fara eftir ákvæðum reglugerðar nr. 849/1999 um eftirlit með innflutningi sjávarafurða eftir því sem við á.

V. KAFLI

Ýmis ákvæði.

15. gr.

Skrár yfir viðurkennd ríki, svæði og starfsstöðvar.

Landbúnaðarráðuneytið heldur skrár yfir viðurkennd svæði og starfsstöðvar innan EES samkvæmt III. kafla og birtir í Stjórnartíðindum. Jafnframt skal landbúnaðarráðuneytið halda skrá yfir ríki, svæði og starfsstöðvar sem innflutningur er heimill frá utan Evrópska efnahagssvæðisins samkvæmt IV. kafla og birta í Stjórnartíðindum.

16. gr.

Eftirlit.

Opinber eftirlitsaðili, eins og hann er skilgreindur í 5. tl. 3. gr., héraendis embætti yfirdýralæknis, fer með eftirlit vegna þessarar reglugerðar.

17. gr.

Undanþágur.

Embætti yfirdýralæknis er heimilt, í undantekningatilvikum, að veita undanþágur frá ákvæðum þessarar reglugerðar og setja skilyrði fyrir slíkri undanþágu.

18. gr.

Öryggisákvæði.

Landbúnaðarráðherra er jafnframt heimilt, í samráði við embætti yfirdýralæknis, að takmarka eða banna markaðssetningu tiltekinna eldisdýra og afurða þeirra til tiltekins lands eða landsvæðis telji hann að slíkur flutningur valdi eða sé líklegur til að valda útbreiðslu sjúkdóma.

19. gr.

Refsiákvæði.

Brot gegn reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði, laga nr. 54/1990 um innflutning dýra og laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim eftir því sem við á.

Með mál út af brotum á reglum samkvæmt reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

20. gr.

Lagaheimild og gildistaka.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði, lögum nr. 54/1990 um innflutning dýra og lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim með síðari breytingum, sbr. bráðabirgðalög nr. 103/2003 og með hliðsjón af tilskipunum Evrópusambandsins nr. 91/67/EBE, 89/662/EBE, 90/425/EBE, 91/496/EBE, 93/54/EBE, 95/22/EB, 97/78/EB, 97/79/EB og 98/45/EB.

Reglugerð þessi öðlast gildi 21. júlí 2003 en frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 484/2003 um sama efni með síðari breytingum.

Landbúnaðarráðuneytinu, 16. júlí 2003.

F. h. r.

Ólafur Friðriksson.

Sigríður Norðmann.

VIÐAUKI A

Skrá yfir sjúkdóma/sjúkdómsvalda í fiskum, lindýrum og krabbadýrum.

Dálkur 1	Dálkur 2
Sjúkdómur	Smitnæmar tegundir
<p>Skrá I</p> <p>Fiskur: Blóðþorri (ISA)</p>	Lax (<i>Salmo salar</i> L.)
<p>Skrá II</p> <p>Fiskur: Veirublæðing (VHS)</p> <p>Iðradrep (IHN)</p> <p>Lindýr: Ostruveiki (<i>Bonomia ostreae</i>) Marteilíuveiki (<i>Marteilia refringens</i>)</p>	<p>Laxfiskar (<i>Salmo</i> sp., <i>Salvelinus</i> sp., <i>Oncorhynchus</i> sp.) Harri (<i>Thymallus thymallus</i>) Tjarnasíld (<i>Coregonus</i> spp.) Gedda (<i>Esox lucius</i>) Sandhverfa (<i>Scophthalmus maximus</i>)</p> <p>Laxfiskar (<i>Salmo</i> sp., <i>Salvelinus</i> sp., <i>Oncorhynchus</i> sp.) Gedduseiði (<i>Esox lucius</i>)</p> <p>Ostra (<i>Ostrea edulis</i>) Ostra (<i>Ostrea edulis</i>)</p>
<p>Skrá III</p> <p>Fiskur: Brisdrep (IPN)</p> <p>Vorveira í vatnakarpa (SVC)</p> <p>Nýrnaveiki (BKD) (<i>Renibacterium salmoninarum</i>)</p> <p>Kýlaveiki (<i>Aeromonas salm. ssp. salmonicida</i>)</p> <p>Rauðmunnaveiki (<i>Yersinia ruckeri</i>)</p> <p>Roðflyðrusýki (<i>Gyrodactylus salaris</i>)</p> <p>Krabbadýr: Krabbapest (<i>Aphanomycois astaci</i>)</p>	<p>Laxfiskar (<i>Salmo</i> sp., <i>Salvelinus</i> sp., <i>Oncorhynchus</i> sp.) Áll (<i>Anguilla anguilla</i>) Lúða (<i>Hippoglossus hippoglossus</i> L.) Sandhverfa (<i>Scophthalmus maximus</i>) Þorskur (<i>Gadus morhua</i>) Barri (<i>Dicentrarchus labrax</i>)</p> <p>Vatnakarpi (<i>Cyprinus carpio</i>)</p> <p>Laxfiskar (<i>Salmo</i> sp., <i>Salvelinus</i> sp., <i>Oncorhynchus</i> sp.)</p> <p>Laxfiskar (<i>Salmo</i> sp., <i>Salvelinus</i> sp., <i>Oncorhynchus</i> sp.)</p> <p>Laxfiskar (<i>Salmo</i> sp., <i>Salvelinus</i> sp., <i>Oncorhynchus</i> sp.) Áll (<i>Anguilla anguilla</i>) Sandhverfa (<i>Scophthalmus maximus</i>) Straumlalli (<i>Notropis atherinoides</i>)</p> <p>Lax (<i>Salmo salar</i> L.)</p> <p>Ferskvatnskrabbi (<i>Astacus</i> sp., <i>Austropotamobius pallipes</i>, <i>Procambarus clarkii</i>)</p>

VIÐAUKI B
Viðurkennd svæði.

I. Meginlandssvæði fyrir fisk (2. dálkur, skrá II, viðauki A).

A. Skilgreining á meginlandssvæðum.

Með meginlandssvæði er átt við;

- hluta yfirráðasvæðis sem nær yfir heilt vatnasvið frá upptökum vatnsfallanna að árósum þar sem sjávarfalla gætir, eða eins eða fleiri vatnasviða, þar sem fiskur er ræktaður, veiddur eða alinn, eða
- hluta vatnasviðs frá upptökum vatnsfallanna að náttúrulegri eða tilbúinni stíflu sem kemur í veg fyrir að fiskurinn fari niður fyrir þá stíflu.

Stærð og landfræðileg lega meginlandssvæðis skal vera þannig að líkur á endursmitun, t.d. vegna farfisks, séu í lágmarki. Þetta getur haft þá þýðingu að ákveða verði stíflusvæði þar sem eftirlit fer fram án þess að svæðið verði flokkað sem viðurkennt svæði.

B. Viðurkenning.

Til að hljóta viðurkenningu skal meginlandssvæði fullnægja eftirfarandi kröfum;

1. allur fiskur skal vera laus við klínísk einkenni eða önnur merki um einn eða fleiri af þeim sjúkdómum sem um getur í 1. dálki, skrá II, viðauka A, í að minnsta kosti fjögur ár;
2. allar eldisstöðvar á meginlandssvæðinu skulu vera undir eftirliti opinberra eftirlitsaðila;

Heilbrigðisskoðun skal hafa farið fram tvisvar á ári í fjögur ár á þeim árstíma þegar vatnshitastig skapar skilyrði fyrir þróun þessara sjúkdóma.

Heilbrigðisskoðun skal að lágmarki fela í sér:

- skoðun á fiski þar sem einhver afbrigði koma fram,
- töku sýna sem senda skal eins fljótt og kostur er til viðurkenndrar rannsóknastofu þar sem fram fer greining á viðkomandi smitefnum.

Hins vegar geta svæði sem reynslan hefur sýnt að sjúkdómar sem um getur í 1. dálki, skráa I og II, viðauka A, finnast ekki hlotið viðurkenningu ef:

- a) landfræðileg lega er þannig að sjúkdómar eigi ekki greiða leið að svæðinu;
- b) opinbert heilbrigðiseftirlit hefur verið í lengri tíma, minnst tíu ár með eftirfarandi hætti:

- reglulegt eftirlit hefur verið haft með öllum eldisstöðvum,
- notað hefur verið sjúkdómatilkynningakerfi,
- ekkert sjúkdómstilvik hefur verið skráð,
- samkvæmt gildandi reglum hefur aðeins verið unnt að flytja inn á viðkomandi svæði hrogn, fiska eða svil frá ósmituðum svæðum eða eldisstöðvum sem opinbert eftirlit er haft með gegn framvísun heilbrigðisvottorða sem uppfylla skilyrði 6. gr.

Heimilt er að stytta tíu ára tímabilið sem um getur í b-lið í fimm ár á grundvelli niðurstaðna rannsókna sem fram hafa farið á vegum opinbers eftirlitsaðila í því aðildarríki sem sækir um slíkt, að því tilskildu að auk þeirra krafna sem um getur í b-lið hafi heilbrigðisskoðun farið fram að minnsta kosti tvisvar á ári í reglubundnu eftirliti með öllum eldisstöðvum, sem um getur hér að framan, sem að lágmarki felst í:

- skoðun á fiski þar sem einhver afbrigði koma fram,
- töku sýna úr að minnsta kosti 30 fiskum í hverri heimsókn.

Aðildarríki sem vilja nýta sér ákvæðin um skráningu upplýsinga skulu hafa sent beiðni

um slíkt eigi síðar en 31. desember 1996.

3. ef engin eldisstöð er á meginlandssvæði sem á að viðurkenna verða opinberir eftirlitsaðilar að hafa gert það að skilyrði að heilbrigðisskoðun fari fram á fiski á lægri hluta vatnasviðsins tvisvar á ári í fjögur ár, í samræmi við 2. lið;
4. rannsóknastofurannsóknir á fiski sem er tekinn við heilbrigðisskoðun hafi sýnt neikvæðar niðurstöður að því er viðkomandi smitefni varðar.
5. Þegar aðildarríki sækir um viðurkenningu fyrir vatnsöflunarsvæði eða hluta vatnsöflunarsvæðis sem á upptök sín í aðliggjandi aðildarríki, eða sem er sameiginlegt tveimur aðildarríkjum, gilda eftirfarandi ákvæði:
 - þau tvö aðildarríki sem um ræðir skulu samtímis sækja um viðurkenningu í samræmi við málsmeðferð í 5. eða 10. gr. tilskipunar Evrópusambandsins nr. 91/67/EBE,
 - ef þörf krefur skal framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, í samræmi við málsmeðferðina í 26. gr. tilskipunar 91/67/EBE og eftir að hafa athugað umsóknirnar og kannað og metið heilbrigðisástandið, setja öll nauðsynleg ákvæði til að unnt sé að veita slíka viðurkenningu.

Aðildarríkin skulu í samræmi við tilskipun 89/608/EBE¹⁾ veita hvert öðru gagnkvæma aðstoð við beitingu ákvæða þessarar tilskipunar, einkum þessarar málsgreinar.

¹⁾ Stjórnartíðindi EB nr. L 351, 2. 12. 1989, bls. 34.

C. Viðurkenningu haldið við.

Meginlandssvæði skal fullnægja eftirfarandi kröfum til að halda viðurkenningu:

1. fiskur sem er fluttur á svæðið skal eingöngu koma frá öðru viðurkenndu svæði eða frá viðurkenndri eldisstöð;
2. heilbrigðisskoðun skal fara fram tvisvar á ári á hverri eldisstöð í samræmi við 3. lið í B-hluta nema á eldisstöðvum seiðastofns, þar skal heilbrigðisskoðun fara fram einu sinni á ári. Þó skulu sýni tekin á víxl í 50% af fiskeldisstöðvunum á meginlandssvæðinu á hverju ári;
3. niðurstöður rannsóknastofurannsókna á fiski sem hefur verið tekinn við heilbrigðisskoðun skulu hafa verið neikvæðar að því er varðar sjúkdóma sem um getur í 1. dálki, skrá II, viðauka A;
4. þeir aðilar sem reka eldisstöðvar eða þeir aðilar sem bera ábyrgð á aðflutningi fiskis skulu halda skrá þar sem fram koma allar nauðsynlegar upplýsingar svo að unnt sé að hafa óslitið eftirlit með heilbrigði fiskisins.

D. Tímabundin niðurfelling, endurnýjun og afturköllun viðurkenningar.

1. Tilkynta skal eins fljótt og kostur er til opinbers eftirlitsaðila óvænt dauðsföll eða önnur einkenni þar sem grunur gæti leikið á að fisksjúkdómur sem um getur í 1. dálki, skrá II, viðauka A hafi komið upp. Hann skal þegar í stað fella niður um tíma viðurkenningu svæðisins eða hluta þess, að því tilskildu að sá hluti svæðisins sem enn hefur stöðu viðurkennds svæðis sé áfram í samræmi við skilgreininguna í A-lið;
2. Úrtak með að minnsta kosti 10 sýktum fiskum skal sent til viðurkenndrar rannsóknastofu til greiningar á viðkomandi smitefnum. Opinberum eftirlitsaðila skal umsvifalaust tilkynt um niðurstöður prófsins.
3. Ef niðurstöður smitefnagreiningarinnar eru neikvæðar, enda þótt aðrar niðurstöður kunni að vera jákvæðar, skal opinber eftirlitsaðili endurnýja viðurkenninguna.
4. Ef ekki er unnt að gera sjúkdómsgreiningu skal frekari heilbrigðisskoðun fara fram innan 15 daga frá því að fyrsta úrtak var tekið og taka skal nógu marga sýkta fiska og senda þá til viðurkenndrar rannsóknastofu til smitefnagreiningar. Fáist aftur nei-

kvæðar niðurstöður eða séu ekki fleiri fiskar sýktir endurnýjar opinber eftirlitsaðili viðurkenninguna.

5. Ef niðurstöðurnar eru jákvæðar skal opinber eftirlitsaðili afturkalla viðurkenningu svæðisins eða hluta svæðisins sem um getur í 1. lið.
6. Endurnýjun á viðurkenningu svæðis eða hluta svæðis sem um getur í 1. lið er háð eftirfarandi skilyrðum:
 - a) komi upp sjúkdómur:
 - skal allur fiskur í sýktu eldisstöðinni hafa verið aflífaður og farga skal fiski sem er smitaður,
 - sóttreinsa skal öll tæki og búnað í samræmi við þær reglur sem opinber eftirlitsaðili setur;
 - b) þegar sjúkdómnum hefur verið útrýmt verður viðkomandi svæði aftur að fullnægja kröfum sem fram koma í þætti B.
7. Þar til bætt stjórnvald skal tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA og hinum aðildarríkjunum innan EES um tímabundna niðurfellingu, endurútgáfu eða afturköllun á viðurkenningu svæðis eða hluta svæðis eins og um getur í 1. lið.

II. Strandsvæði fyrir fisk (2. dálkur, skrá II, viðauki A).

- A. Strandsvæði er landfræðilega vel afmarkaður hluti strandar, hafsvæðis eða ármynnis og myndar einsleitt vatnskerfi eða röð slíkra kerfa.
Ef nauðsyn krefur má líta svo á að strandsvæði sé myndað af hluta strandar eða hafsvæðis eða ármynnis sem er milli mynnis tveggja vatnsfalla eða af hluta strandar eða hafsvæðis eða ármynnis þar sem er ein eldisstöð eða fleiri, að því tilskildu að gert sé ráð fyrir stíflusvæði báðum megin við eldisstöðina eða stöðvarnar.
- B. *Viðurkenning.*
Til að hljóta viðurkenningu verður strandsvæði fyrir fisk að fullnægja kröfum sem eru settar vegna meginlandssvæða og um getur í þætti B í I. hluta.
- C. *Viðurkenningu haldið við.*
Fullnægja verður kröfunum sem eru settar í þætti C í I. hluta til að halda viðurkenningu.
- D. *Tímabundin niðurfelling, endurnýjun og afturköllun viðurkenningar.*
Sömu reglur gilda og fram koma í þætti D í I. hluta; ef svæðið er myndað af röð vatnasvæða getur tímabundin niðurfelling, endurnýjun og afturköllun viðurkenningar samt sem áður átt við hluta af þessari vatnasvæðaröð ef sá hluti er landfræðilega skýrt afmarkaður og er einsleitt vatnasvæði, að því tilskildu að sá hluti sem enn er viðurkenndur sé áfram í samræmi við skilgreininguna í þætti A.

III. Strandsvæði fyrir lindýr (2. dálkur, skrá II, viðauki A).

- A. *Skilgreining.*
Strandsvæði verður að uppfylla skilgreininguna sem kemur fram í þætti A í II. hluta.
- B. *Viðurkenning.*
Til að hljóta viðurkenningu verður strandsvæði að fullnægja eftirfarandi kröfum:
 1. öll lindýr verða að vera laus við klínísk einkenni eða önnur merki um einn eða fleiri af sjúkdómum sem um getur í 1. dálki, skrá II, viðauka A í að minnsta kosti tvö ár;

2. allar eldisstöðvar á strandsvæðinu skulu vera undir eftirliti opinberra eftirlitsaðila. Það fer eftir þróun viðkomandi smitefna hversu oft heilbrigðisskoðun fer fram. Við heilbrigðisskoðun eru sýni tekin og send eins fljótt og kostur er til viðurkenndrar rannsóknastofu þar sem fram fer greining á viðkomandi smitefnum;
3. ef engin eldisstöð er á strandsvæði skal opinber eftirlitsaðili gera það að skilyrði að heilbrigðisskoðun fari fram á lindýrum í samræmi við 2. lið, svo oft sem hæfir þróun viðkomandi smitefna. Sýni hins vegar nákvæm skoðun á dýralífínu að engin lindýr fyrirfinnist á svæðinu af tegundum sem eru smitnæmar eða arfberar getur opinberi eftirlitsaðilinn viðurkennt svæðið áður en lindýr eru flutt þangað;
4. rannsóknastofurannsóknir á lindýrum sem eru tekin við heilbrigðisskoðun hafi sýnt neikvæðar niðurstöður að því er viðkomandi smitefni varðar. Við viðurkenningu má taka tillit til þess að reynslan hafi sýnt að sjúkdómarnir sem um getur í 1. dálki, skrá II, viðauka A finnist ekki.

C. *Viðurkenningu haldið við.*

Fullnægja þarf eftirfarandi kröfum til að halda viðurkenningu:

1. lindýr sem eru flutt á strandsvæðið skulu koma frá öðru viðurkenndu strandsvæði eða frá viðurkenndri eldisstöð á strandsvæði sem hefur ekki hlotið viðurkenningu;
2. heilbrigðisskoðun skal fara fram í hverri eldisstöð í samræmi við 2. lið í þætti B, svo oft sem hæfir þróun viðkomandi smitefna;
3. niðurstöður rannsóknastofurannsókna á lindýrum sem hafa verið tekin við heilbrigðisskoðun skulu hafa verið neikvæðar að því er varðar sjúkdómana sem um getur í 1. dálki, skrá II, viðauka A;
4. þeir sem reka eldisstöðvar eða þeir sem bera ábyrgð á aðflutningi lindýra skulu halda skrá þar sem fram koma allar nauðsynlegar upplýsingar svo að unnt sé að hafa óslitið eftirlit með heilbrigði lindýranna.

D. *Tímabundin niðurfelling, endurnýjun og afturköllun viðurkenningar.*

1. Til kynna skal eins fljótt og kostur er til opinbers eftirlitsaðila óvænt dauðsföll eða önnur einkenni þar sem grunur gæti leikið á að lindýrasjúkdómur sem um getur í 1. dálki, skrá II, viðauka A hafi komið upp. Hann skal þegar í stað fella niður um tíma bundin niðurfelling, endurnýjun og afturköllun viðurkenningar samt sem áður átt við hluta af þessari vatnasvæðaröð ef sá hluti er landfræðilega skýrt afmarkaður og er einsleitt vatnasvæði, að því tilskildu að sá hluti sem enn er viðurkenndur sé áfram í samræmi við skilgreininguna í þætti A.
2. Úrtak með sýktum lindýrum skal sent til viðurkenndrar rannsóknarstofu til greiningar á viðkomandi smitefnum. Opinberum eftirlitsaðila skal umsvifalaust tilkynnt um niðurstöður prófsins.
3. Ef niðurstöður smitefnagreiningarinnar eru neikvæðar, enda þótt aðrar niðurstöður kunni að vera jákvæðar, skal viðurkenningin endurnýjuð.
4. Ef ekki er unnt að gera sjúkdómsgreiningu skal frekari heilbrigðisskoðun fara fram innan 15 daga frá því að fyrsta úrtak var tekið og taka skal nógu mörg sýkt lindýr og senda þau til viðurkenndrar rannsóknastofu til smitefnagreiningar. Fáist aftur neikvæðar niðurstöður eða séu ekki fleiri lindýr sýkt endurnýjar opinber eftirlitsaðili viðurkenninguna.
5. Ef niðurstöðurnar eru jákvæðar skal opinber eftirlitsaðili afturkalla viðurkenningu svæðisins eða hluta svæðisins eins og um getur í 1. lið.
6. Endurnýjun á viðurkenningu svæðis eða hluta svæðis, eins og um getur í 1. lið, er háð eftirfarandi skilyrðum:

- a) komi upp sjúkdómur:
 - skal farga öllum lindýrum sem eru smituð eða sýkt,
 - sóttbreinsa skal öll tæki og búnað í samræmi við þær reglur sem opinbera þjónustustofnunin setur;
 - b) þegar sjúkdómnum hefur verið útrýmt þarf viðkomandi svæði aftur að fullnægja kröfum sem fram koma í þætti B.
7. Þar til bært stjórnvald skal tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA og hinum aðildarríkjum innan EES um tímabundna niðurfellingu, endurútgáfu og afturköllun á viðurkenningu svæðis eða hluta svæðis, eins og um getur í 1. lið.

VIÐAUKI C

Viðurkenndar eldisstöðvar á svæði sem hefur ekki hlotið viðurkenningu.

I. Meginlandseldisstöðvar fyrir fisk (2. dálkur, skrá II, viðauki A).

A. Viðurkenning.

Til að hljóta viðurkenningu verður eldisstöð að fullnægja eftirfarandi kröfum:

1. Vatn skal koma úr brunni, borholu eða uppsprettu. Þegar slíkir vatnsöflunarstaðir eru í ákveðinni fjarlægð frá eldisstöðinni skal vatnið leitt beint til hennar um rör eða, með samþykki viðkomandi opinbers eftirlitsaðila, eftir opnum skurði eða náttúrulegri rás, að því tilskildu að slíkt sé ekki uppspretta smits fyrir viðkomandi eldisstöð og villtur fiskur komist ekki inn í hana. Vatnsrásin skal vera undir eftirliti eldisstöðvarinnar eða, ef því verður komið við, viðkomandi opinbers eftirlitsaðila.
2. Náttúrulegar eða tilbúnar hindranir verða að vera forstreymis til að koma í veg fyrir að fiskur gangi upp í viðkomandi eldisstöð.
3. Ef nauðsyn krefur skal eldisstöð varin gegn flóðum og því að vatn geti þrengt sér inn.
4. Eldisstöð skal að breyttu breytanda fullnægja kröfunum sem um getur í þætti B í I. hluta viðauka B. Þegar sótt er um viðurkenningu á grundvelli skráðra upplýsinga og opinbert eftirlitskerfi hefur verið starfrækt í tíu ár skal hún fullnægja eftirfarandi viðbótarkröfum:
 - Klínísk rannsókn skal hafa farið fram í eldisstöðinni að minnsta kosti árlega og sýni tekin og kannað á viðurkenndri rannsóknastofu hvort um viðkomandi smitefni er að ræða.
5. Viðkomandi opinber eftirlitsaðili getur gripið til viðbótarráðstafana gagnvart eldisstöðinni sé slíkt talið nauðsynlegt til að koma í veg fyrir að sjúkdómar komi upp. Slíkar ráðstafanir geta falist í því að koma upp stíflusvæði umhverfis stöðina þar sem eftirlitsáætlun er fylgt og koma á vörnum gegn innkomu hugsanlegra sjúkdómsvalda eða smitbera.
6. Samt sem áður:
 - a) er heimilt að viðurkenna nýja eldisstöð, sem fullnægir kröfunum sem um getur í 1., 2., 3. og 5. lið og hefur starfsemi sína með fiski, hrognum eða sviljum frá viðurkenndu svæði eða viðurkenndri eldisstöð sem er á svæði sem er ekki viðurkennt, án þess að fram fari sú sýnataka sem er krafist vegna viðurkenningar eldisstöðvar;
 - b) er heimilt að viðurkenna eldisstöð, sem fullnægir kröfunum sem um getur í 1., 2., 3. og 5. lið og hefur starfsemi að nýju eftir hlé með fiski, hrognum eða svilj-

um frá viðurkenndu svæði eða viðurkenndri eldisstöð sem er á svæði sem er ekki viðurkennt, án þess að fram fari sú sýnataka sem er krafist vegna viðurkenningar eldisstöðvar, að því tilskildu að:

- viðkomandi opinber eftirlitsaðili þekki heilbrigðissögu eldisstöðvarinnar fjögur undanfarin ár; hafi viðkomandi stöð hins vegar verið starfrækt skemur en fjögur ár skal miða við þann rauntíma sem hún hefur verið í rekstri,
- ekki hafi verið gerðar ráðstafanir í eldisstöðinni á sviði dýraheilbrigðis vegna þeirra sjúkdóma sem taldir eru upp í skrá II í viðauka A og ekki sé vitað um slík sjúkdómstilfelli áður í stöðinni,
- eldisstöðin sé þrífín og sótthreinsuð og látin standa auð í að minnsta kosti 15 daga undir opinberu eftirliti áður en fiskur, hrogn eða svil eru flutt inn í hana.

B. Viðurkenningu haldið við.

Fullnægja verður kröfunum sem eru settar í þætti C í I. hluta viðauka B til að halda viðurkenningu. Þó skal taka sýni einu sinni á ári.

C. Tímabundin niðurfelling, endurnýjun og afturköllun viðurkenningar.

Sömu reglur gilda og fram koma í þætti D í I. hluta viðauka B.

II. Strandeldisstöðvar fyrir fisk (2. dálkur, skrá II, viðauki A).

A. Viðurkenning.

Til að hljóta viðurkenningu verður eldisstöð að fullnægja eftirfarandi kröfum:

1. Hún skal fá vatn í gegnum kerfi sem er með búnaði til að eyða smitefnum sjúkdómanna sem um getur í 1. dálki, skrá II í viðauka A.
2. Hún skal, að breyttu breytanda, fullnægja kröfum sem eru settar í þætti B í II. hluta viðauka B.
3. Samt sem áður:
 - a) er heimilt að viðurkenna nýja eldisstöð, sem fullnægir kröfunum sem um getur í 1. og 2. lið og hefur starfsemi sína með fiski, hrognum eða sviljum frá viðurkenndu svæði eða viðurkenndri eldisstöð sem er á svæði sem er ekki viðurkennt, án þess að fram fari sú sýnataka sem er krafist vegna viðurkenningar eldisstöðvar;
 - b) er heimilt að viðurkenna eldisstöð, sem fullnægir kröfunum sem um getur í 1. og 2. lið og hefur starfsemi að nýju eftir hlé með fiski, hrognum eða sviljum frá viðurkenndu svæði eða viðurkenndri eldisstöð sem er á svæði sem er ekki viðurkennt, án þess að fram fari sú sýnataka sem er krafist vegna viðurkenningar eldisstöðvar, að því tilskildu að:
 - viðkomandi opinber eftirlitsaðili þekki heilbrigðissögu eldisstöðvarinnar fjögur undanfarin ár; hafi viðkomandi stöð hins vegar verið starfrækt skemur en fjögur ár skal miða við þann rauntíma sem hún hefur verið í rekstri,
 - ekki hafi verið gerðar ráðstafanir í eldisstöðinni á sviði dýraheilbrigðis vegna þeirra sjúkdóma sem taldir eru upp í skrá II í viðauka A og ekki sé vitað um slík sjúkdómstilfelli áður í stöðinni,
 - eldisstöðin sé þrífín og sótthreinsuð og látin standa auð í að minnsta kosti 15 daga undir opinberu eftirliti áður en fiskur, hrogn eða svil eru flutt inn í hana.

B. Viðurkenningu haldið við.

Fullnægja verður, að breyttu breytanda, kröfunum sem eru settar í þætti C í II. hluta viðauka B til að halda viðurkenningu.

C. *Tímabundin niðurfelling, endurnýjun og afturköllun viðurkenningar.*

Sömu reglur gilda, að breyttu breytanda, og fram koma í þætti D í II. hluta viðauka B.

III. Strandeldisstöðvar fyrir lindýr (2. dálkur, skrá II, viðauki A).

A. *Viðurkenning.*

Til að hljóta viðurkenningu verður eldisstöð að fullnægja eftirfarandi kröfum:

1. Hún verður að fá vatn í gegnum kerfi sem er með búnaði til að eyða smitefnum sjúkdómanna sem um getur í 1. dálki, skrá II, viðauka A.
2. Hún verður, að breyttu breytanda, að fullnægja kröfunum sem eru settar í 1., 2. og 4. lið í þætti B í III. hluta viðauka B.
3. Samt sem áður:
 - a) er heimilt að viðurkenna nýja eldisstöð, sem fullnægir kröfunum sem um getur í 1. og 2. lið og hefur starfsemi sína með lindýrum frá viðurkenndu svæði eða viðurkenndri eldisstöð sem er á svæði sem er ekki viðurkennt, án þess að fram fari sú sýnataka sem er krafist vegna viðurkenningar eldisstöðvar;
 - b) er heimilt að viðurkenna eldisstöð, sem fullnægir kröfunum sem um getur í 1. og 2. lið og hefur starfsemi að nýju eftir hlé með lindýrum frá viðurkenndu svæði eða viðurkenndri eldisstöð sem er á svæði sem er ekki viðurkennt, án þess að fram fari sú sýnataka sem er krafist vegna viðurkenningar eldisstöðvar, að því tilskildu að:
 - viðkomandi opinber eftirlitsaðili þekki heilbrigðissögu eldisstöðvarinnar tvö undanfarin ár,
 - ekki hafi verið gerðar ráðstafanir í eldisstöðinni á sviði dýraheilbrigðis vegna þeirra sjúkdóma sem taldir eru upp í skrá II í viðauka A og ekki sé vitað um slík sjúkdómstilfelli áður í stöðinni,
 - eldisstöðin sé þrífín og sóttthreinsuð og látin standa auð í að minnsta kosti 15 daga undir opinberu eftirliti áður en lindýr eru flutt inn í hana.

B. *Viðurkenningu haldið við.*

Fullnægja verður, að breyttu breytanda, kröfunum sem eru settar í liðum 1 til 4 í þætti C í III. hluta viðauka B til að halda viðurkenningu.

C. *Tímabundin niðurfelling, endurnýjun og afturköllun viðurkenningar.*

Sömu reglur gilda, að breyttu breytanda, og fram koma í þætti D í III. hluta viðauka B.

VIÐAUKI D
Endurnýjun vatns.

Endurnýjun vatns við flutninga á fiskeldisdýrum skal fara fram með búnaði sem er viðurkenndur af aðildarríkjunum og uppfyllir eftirfarandi kröfur:

1. Hreinleikastig vatns sem er notað til skipta verður að vera þannig að það hafi ekki áhrif á heilbrigðisástand tegundanna sem verið er að flytja að því er varðar smitefni þeirra sjúkdóma sem um getur í 1. dálki, skrá II, viðauka A.
2. Þessi búnaður skal þannig gerður að hann komi í veg fyrir smitun í umhverfinu sem vatni er veitt í:
 - annaðhvort með því að auðvelda sóttthreinsun vatnsins, eða
 - með því að tryggja að vatnið geti ekki undir neinum kringumstæðum flætt út í sjó eða rennandi vatnsföll.

VIÐAUKI E
Fyrirmyndir að flutningsskýrslum.

I. KAFLI

Flutningsskýrsla fyrir lifandi fisk, hrogn og svil frá viðurkenndu svæði.

I. Upprunaland: _____

Viðurkennt svæði: _____

II. Upprunaeldisstöð (nafn og heimilisfang): _____

III. Eldisdýr eða afurðir:

	Lifandi fiskur:	Hrogn:	Svil:
Ætt (almennt heiti og vísindaheiti):			
Magn: Fjöldi: Heildarþyngd: Meðalþyngd:			

IV. Viðtökustaður: _____

Viðtökuland: _____

Viðtakandi (nafn og heimilisfang): _____

V. Flutningatæki (tegund og auðkenni): _____

VI. Heilbrigðisvottun:

Ég, undirritaður, staðfesti hér með að eldisdýrin eða vörurnar í þessari vörusendingu koma frá viðurkenndu svæði og uppfylla kröfur tilskipunar 91/67/EBE.

Gjört í: _____

Hinn: _____

Heiti opinbers eftirlitsaðila: _____

Heiti (með hástöfum)

Stimpill opinbers eftirlitsaðila: _____

Titill undirritunaraðila

Undirskrift

II. KAFLI

Flutningsskýrsla fyrir lifandi fisk, hrogn og svil frá viðurkenndri eldisstöð.

I. **Upprunaland:** _____

Viðurkennt svæði: _____

II. **Upprunaeldisstöð** (nafn og heimilisfang): _____III. **Eldisdýr eða afurðir:**

	Lifandi fiskur:	Hrogn:	Svil:
Ætt (almennt heiti og vísindaheiti):			
Magn: Fjöldi: Heildarþyngd: Meðalþyngd:			

IV. **Viðtökustaður:** _____

Viðtökuland: _____

Viðtakandi (nafn og heimilisfang): _____

V. **Flutningatæki** (tegund og auðkenni): _____VI. **Heilbrigðisvottun:**

Ég, undirritaður, staðfesti hér með að eldisdýrin eða vörurnar í þessari vörusendingu koma frá viðurkenndu svæði og uppfylla kröfur tilskipunar 91/67/EBE.

Gjört í: _____

Hinn: _____

Heiti opinbers eftirlitsaðila: _____

Heiti (með hástöfum)

Stimpill opinbers eftirlitsaðila: _____

Titill undirritunaraðila

Undirskrift

III. KAFLI

Flutningsskýrsla fyrir lindýr frá viðurkenndu strandsvæði.**I. Upprunaland:** _____

Viðurkennt svæði: _____

II. Upprunaeldisstöð (nafn og heimilisfang): _____**III. Eldisdýr eða afurðir:**

	Lifandi fiskur:	Hrogn:	Svil:
Ætt (almennt heiti og vísindaheiti):			
Magn: Fjöldi: Heildarþyngd: Meðalþyngd:			

IV. Viðtökustaður: _____

Viðtökuland: _____

Viðtakandi (nafn og heimilisfang): _____

V. Flutningatæki (tegund og auðkenni): _____**VI. Heilbrigðisvottun:**

Ég, undirritaður, staðfesti hér með að eldisdýrin eða vörurnar í þessari vörusendingu koma frá viðurkenndu svæði og uppfylla kröfur tilskipunar 91/67/EBE.

Gjört í: _____ Hinn: _____

Heiti opinbers eftirlitsaðila: _____

Heiti (með hástöfum)

Stimpill opinbers eftirlitsaðila: _____

Titill undirritunaraðila

Undirskrift

IV. KAFLI

Flutningsskýrsla fyrir lindýr frá viðurkenndri eldisstöð.

I. Upprunaland: _____

Viðurkennt svæði: _____

II. Upprunaeldisstöð (nafn og heimilisfang): _____

III. Eldisdýr eða afurðir:

	Lifandi fiskur:	Hrogn:	Svil:
Ætt (almennt heiti og vísindaheiti):			
Magn:			
Fjöldi:			
Heildarþyngd:			
Meðalþyngd:			

IV. Viðtökustaður: _____

Viðtökuland: _____

Viðtakandi (nafn og heimilisfang): _____

V. Flutningatæki (tegund og auðkenni): _____

VI. Heilbrigðisvottun:

Ég, undirritaður, staðfesti hér með að eldisdýrin eða vörurnar í þessari vörusendingu koma frá viðurkenndu svæði og uppfylla kröfur tilskipunar 91/67/EBE.

Gjört í: _____

Hinn: _____

Heiti opinbers eftirlitsaðila: _____

Heiti (með hástöfum)

Stimpill opinbers eftirlitsaðila: _____

Titill undirritunaraðila

Undirskrift

REGLUGERÐ

um sýnatökuáætlanir og greiningaraðferðir við greiningu og staðfestingu á fisksjúkdómunum brisdrepi, iðradrepi og veirublæði.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um sýnatökuáætlanir og greiningaraðferðir við greiningu og staðfestingu á fisksjúkdómunum brisdrepi (IPN), iðradrepi (IHN) og veirublæði (VHS) við ákvörðun um hvort uppfyllt séu skilyrði fyrir markaðssetningu eldisdýra og afurða þeirra innan Evrópska efnahagssvæðisins.

2. gr.

Yfirstjórn og eftirlit.

Opinber eftirlitsaðili, héraendis yfirdýralæknir hefur yfirstjórn og eftirlit með framkvæmd þessarar reglugerðar sem skal vera í samræmi við meðfylgjandi viðauka.

3. gr.

Lagaheimild og gildistaka.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði, lögum nr. 54/1990 um innflutning dýra og lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim með síðari breytingum, sbr. bráðabirgðalög nr. 103/2003 og með hliðsjón af ákvörðun framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna nr. 2001/183/EB frá 22. febrúar 2001, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 76/2002 frá 25. febrúar 2002. Reglugerð þessi öðlast gildi 21. júlí 2003.

Landbúnaðarráðuneytinu, 16. júlí 2003.

F. h. r.

Ólafur Friðriksson.

Sigríður Nordmann.

VIÐAUKI

Sýnatökuáætlanir og greiningaraðferðir við greiningu og staðfestingu á brisdrepi, veirublæði og iðradrepi.

INNGANGUR

Þessi viðauki:

- inniheldur viðmiðunarreglur og lágmarkskröfur um sýnatökuáætlanir og greiningaraðferðir við greiningu og staðfestingu á brisdrepi (IPN), veirublæði (VHS) og iðradrepi (IHN);
- sambættir ákvæði viðauka B og C við reglugerð nr. 526/2003 um skilyrði á sviði dýraheilbrigðis sem áhrif hafa á markaðssetningu eldisdýra og afurða þeirra að því er varðar viðurkenningu og viðhald á stöðu svæða og eldisstöðva á svæði sem ekki er viðurkennt;
- inniheldur ákvæði um rétta greiningu á brisdrepi, veirublæði og iðradrepi og opinbera viðurkenningu á stöðu svæða og eldisstöðva á svæði sem ekki er viðurkennt í samræmi við 5. og 6. gr. tilskipunar 91/67/EBE;¹⁾

¹⁾ Stjórnartíðindi EB, nr. L 46, 19.2.1991, bls. 10-11, sbr. og Stjórnartíðindi EB, nr. L 175, 19.7.1993, bls. 34-35.

d) varðar bæði yfirvöld sem sjá um eftirlit með brisdrepi, veirublæði og iðradrepi og starfsfólk á rannsóknastofum sem sér um prófanir með tilliti til þessara sjúkdóma. Til samræmis við það er lögð áhersla á aðferðir við sýnatöku, meginreglur og framkvæmd rannsóknastofuprófana og mat á niðurstöðum þeirra sem og nákvæma rannsóknastofutækni. Þrátt fyrir það geta rannsóknastofur, ef við á, breytt þeim prófunum sem lýst er í þessum viðauka eða viðhaft aðrar prófanir, að því tilskildu að unnt sé að sýna fram á samþæfilega næmni og sérhæfni.

I. hluti nær yfir sýnatökuáætlanir og greiningaraðferðir við eftirlit með brisdrepi, veirublæði og iðradrepi í því skyni að fá og viðhalda stöðu viðurkennds svæðis eða eldisstöðvar á svæði sem ekki er viðurkennt.

Í II. hluta er lýst aðferðum við greiningu til að staðfesta brisdrep, veirublæði og iðradrep leiki grunur á að sjúkdómurinn hafi komið upp.

Í III. hluta eru viðmiðanir og viðmiðunarreglur um opinbera áætlun um heilbrigðiskoðun, sem felst í því að skjalfesta að brisdrep, veirublæði og/eða iðradrep hafi ekki komið upp áður.

Í IV. hluta eru tilmæli um aðferðir við VHS- og IHN-veirutítun til að sannprófa að frumu-rækt sé móttækileg fyrir sýkingu. Skrá yfir skammstafanir er að finna í V. hluta.

I. HLUTI

Sýnatökuáætlanir og greiningaraðferðir við eftirlit með brisdrepi, veirublæði og iðradrepi í því skyni að fá og viðhalda stöðu viðurkennds svæðis eða viðurkenndrar eldisstöðvar á svæði sem ekki er viðurkennt.

I. Skoðun og sýnataka.

1. *Almenn ákvæði um klíníska heilbrigðisskoðun, söfnun og val sýna í tengslum við eftirlit með svæðum eða eldisstöðvum á svæði sem ekki er viðurkennt, með tilliti til þess að fá eða viðhalda viðurkenndri stöðu að því er varðar brisdrep, veirublæði og/eða iðradrep.*

Í töflum 1A, 1B og 1C er samantekt á klínískri heilbrigðisskoðun og sýnatöku úr fiskvef og/eða hrognavökva, sem á að fara fram á svæðum eða eldisstöðvum á svæði sem ekki er viðurkennt, með tilliti til þess að fá eða viðhalda viðurkenndri stöðu að því er varðar brisdrep, veirublæði og/eða iðradrep í samræmi við viðauka B og viðauka C við reglugerð nr. 526/2003. Í I.I.2 - I.I.4. eru nánari upplýsingar þar að lútandi. Tafla 1A og tafla 1B eiga ekki við um nýjar eldisstöðvar og eldisstöðvar sem taka aftur upp starfsemi sína með fisk, egg eða svil frá viðurkenndu svæði eða viðurkenndri eldisstöð á svæði sem ekki er viðurkennt, að því tilskildu að þær fullnægi þeim kröfum sem mælt er fyrir um í viðauka C við reglugerð nr. 526/2003, a- eða b-lið 6. tölul. þáttar A í I. hluta eða a- eða b-lið 3. tölul. þáttar A í II. hluta.

Klínísk skoðun verður að fara fram á tímabilinu frá október og fram í júní eða þegar hitastig vatns er lægra en 14°C. Þegar klínísk skoðun eldisstöðva fer fram tvisvar á ári verða að líða að minnsta kosti fjórir mánuðir milli skoðana. Skoða skal allar framleiðslueiningar (tjarnir, tanka, netbúr o.s.frv.) og kanna hvort í þeim er dauður fiskur eða veikburða eða fiskur sem hagar sér óeðlilega. Kanna skal sérstaklega vatnsfrárásarsvæðið þar sem veikburða fiskur hefur tilhneigingu til að safnast saman vegna vatnsstraumsins.

Velja skal fisk til sýnatöku sem hér segir:

– Ef regnbogasilungur er til staðar skal einungis velja þá fisktegund til sýnatöku. Ef ekki er um regnbogasilung að ræða skal sýnið vera úr öllum öðrum fisktegundum sem eru

til staðar og eru móttækilegar fyrir brisdrepi, veirublæði og/eða iðradrepi (eins og tilgreint er í viðauka A við reglugerð nr. 526/2003. Sýnið skal gefa rétta mynd af hlutfalli tegundanna.

- Ef vatn úr fleiri en einni lind er notað við fiskframleiðslu skal velja fisk úr öllum vatnslindum til sýnatöku.
- Ef veikburða fiskur, fiskur sem hagar sér óeðlilega eða nýdauður fiskur (órotinn) er til staðar skal hann fyrst og fremst valinn. Ef slíkur fiskur er ekki til staðar skal heilbrigður fiskur, sem lítur eðlilega út, vera í úrtakinu sem safnað er með þeim hætti að það gefi hlutfallslega rétta mynd af öllum hlutum eldisstöðvarinnar og öllum árgöngum.

2. *Sérákvæði, þ.m.t. um söfnun sýna í tengslum við eftirlit með svæðum eða eldisstöðvum á svæði sem ekki er viðurkennt, með tilliti til þess að fá eða viðhalda viðurkenndri stöðu að því er varðar brisdrep, veirublæði og/eða iðradrep.*

1. Svæði eða eldisstöð á svæði sem ekki er viðurkennt, sem opinber eftirlitsaðili hefur eftirlit með, getur öðlast stöðu viðurkennds svæðis eða eldisstöðvar, annaðhvort samkvæmt:

a) Aðferð A - eftirlitsáætlun til tveggja ára.

Þegar liðin eru minnst tvö ár án þess að nokkur klínísk vísbending eða önnur vísbending hafi fundist um brisdrep, veirublæði og/eða iðradrep verður að fara fram heilbrigðisskoðun að minnsta kosti tvisvar á ári í tvö ár á öllum eldisstöðvum á svæðinu eða á hverri eldisstöð sem á að viðurkenna á svæði sem ekki er viðurkennt. Á tveggja ára eftirlitstímabilinu, áður en viðurkennd staða hlotnast, má ekki finnast nein klínísk vísbending eða önnur vísbending um brisdrep, veirublæði og/eða iðradrep og safna verður sýnum til rannsóknar í samræmi við töflu 1A. Enn fremur verður að velja, undirbúa og rannsaka sýnin eins og lýst er í I.I–I.IV og rannsóknir á rannsóknastofu verða að hafa sýnt neikvæðar niðurstöður að því er varðar brisdrep, veirublæði og/eða iðradrep; eða

b) Aðferð B – eftirlitsáætlun til tveggja ára með hlutasýni.

Í kjölfar opinberrar áætlunar um heilbrigðiskoðun, sem felst í því að skjalfesta að brisdrep, veirublæði og/eða iðradrep hafi ekki komið upp í að minnsta kosti fjögur ár, verður að fara fram heilbrigðisskoðun að minnsta kosti tvisvar á ári í tvö ár á öllum eldisstöðvum á svæðinu eða á hverri eldisstöð sem á að viðurkenna á svæði sem ekki er viðurkennt. Á tveggja ára eftirlitstímabilinu, áður en viðurkennd staða hlotnast, má ekki finnast nein klínísk vísbending eða önnur vísbending um brisdrep, veirublæði og/eða iðradrep og sýnum til rannsóknar verður að safna í samræmi við töflu 1B. Enn fremur verður að velja, undirbúa og rannsaka sýnin eins og lýst er í I.I–I.IV og rannsóknir á rannsóknarstofu verða að sýna neikvæðar niðurstöður að því er varðar brisdrep, veirublæði og/eða iðradrep. Til þess að opinberir eftirlitsaðilar brisdrep, veirublæði og/eða iðradrep hafi ekki komið upp áður, verður hún að standast viðmiðanir og viðmiðunarreglur III. hluta.

2. Sérákvæði um að viðurkenna nýjar eldisstöðvar og eldisstöðvar sem taka aftur upp starfsemi sína með fisk, egg eða svil frá viðurkenndu svæði eða viðurkenndri eldisstöð á svæði sem ekki er viðurkennt.

Nýjar eldisstöðvar og eldisstöðvar, sem taka aftur upp starfsemi sína með fisk, egg eða svil frá viðurkenndu svæði eða viðurkenndri eldisstöð á svæði sem ekki er viðurkennt, geta öðlast stöðu viðurkenndrar eldisstöðvar í samræmi við kröfurnar í viðauka C við reglugerð nr. 526/2003, a- eða b-lið 6. tölul. þáttar A í I. hluta eða a- eða b-lið 3. tölul. þáttar A í II. hluta. Til samræmis við það eiga sýnatökuákvæðin, sbr.

aðferð A og aðferð B hér að framan (í I.I.2.1.a og I.I.2.I.b), ekki við um slíkar eldisstöðvar.

3. Eftirlitsáætlun um viðhald viðurkenndrar stöðu að því er varðar brisdrep, veirublæði og/eða iðradrep.

Til að viðhalda stöðu viðurkennds svæðis eða viðurkenndrar eldisstöðvar, á svæði sem ekki er viðurkennt að því er varðar brisdrep, veirublæði og/eða iðradrep, verður skoðun og sýnataka að fara fram í samræmi við töflu 1C. Sýnin verður að velja, undirbúa og rannsaka eins og lýst er í I.I.–I.IV og rannsóknir á rannsóknastofu verða að hafa verið neikvæðar að því er varðar sjúkdómsvalda brisdreps, veirublæði og/eða iðradreps.

3. Undirbúningur og flutningur sýna úr fiski.

Hlutar þeirra líffæra sem rannsaka á eru fjarlægðir úr fiskinum með dauðhreinsuðum áhöldum, áður en þeir eru fluttir eða sendir til rannsóknastofu, og færðir yfir í dauðhreinsaðar plastpípur með flutningsefni, þ.e. frumuæti með 10% kálfasermi og sýklalyfjum. Unnt er að mæla með samsetningunni 200 a.e. penisillín, 200 µg streptómýsín og 200 µg kanamýsín í millilítra (ml) en einnig er heimilt að nota önnur sýklalyf með staðfesta virkni. Rannsaka skal vef úr milta, fremra nýra og að auki annaðhvort úr hjarta eða heila. Í sumum tilfellum verður að rannsaka hrognavökva (tafla 1A–C).

Heimilt er að safna hrognavökva eða líffærahlutum úr tíu fiskum hið mesta (töflur 1A–C) í eina dauðhreinsaða pípu, sem inniheldur að minnsta kosti 4 ml flutningsefnis, og mynda eitt hópsýni. Vefurinn í hverju sýni skal vega að minnsta kosti 0,5 grömm (g).

Pípurnar skulu settar í einangruð ílát (t.d. pólýstýren-kassa með þykkum veggjum) ásamt nægum ís eða „ísklumpum“ til að tryggja kælingu sýnanna meðan á flutningi til rannsóknarstofu stendur. Varast ber að frysta sýnin. Hitastig sýnis skal aldrei fara yfir 10°C í flutningi og ís skal ennþá vera í flutningskassanum á viðtökustað eða einn eða fleiri ísklumpar verða þá enn að vera frosnir að hluta eða alveg.

Hefja skal veirufræðilega rannsókn eins fljótt og auðið er og ekki seinna en 48 klukkustundum eftir að sýnunum er safnað saman. Í undantekningartilvikum (1) er heimilt að hefja veirufræðilega rannsókn ekki seinna en 72 klukkustundum eftir að efninu, sem á að rannsaka, er safnað saman, að því tilskildu að það sé varið í flutningsefni og unnt sé að fullnægja kröfum um tiltekið hitastig í flutningi (3. liður í 1.1.3).

Senda má fisk í heilu lagi til rannsóknastofu ef unnt er að fullnægja kröfum um tiltekið hitastig í flutningi. Vefja má fisk í heilu lagi inn í rakadrægan pappír og senda síðan í plastpoka sem er kældur eins og áður er getið. Einnig er heimilt að senda lifandi fisk.

Öll pökkun og merking verður að vera í samræmi við nágildandi innlendar og alþjóðlegar flutningsreglur eftir því sem við á.

4. Söfnun viðbótargreiningarefnis.

Samkvæmt samkomulagi við þá rannsóknarstofu, sem annast greininguna, er einnig heimilt að safna öðrum fiskvefjum og undirbúa fyrir viðbótarrannsóknir.

II. Undirbúningur sýna fyrir veirufræðilega rannsókn.

1. Frysting í undantekningartilvikum.

Ef upp koma erfiðleikar í framkvæmd (t.d. slæm veðurskilyrði, lokunardagar, vandamál á rannsóknarstofu o.s.frv.) sem koma í veg fyrir að hægt sé að sá á frumur innan 48 klukku-

stunda frá því að vefjasýnin eru tekin er heimilt að frysta vefjasýnin í frumuæti við -20°C eða lægra hitastig og framkvæma veirufræðilegar rannsóknir innan 14 daga. Vefjasýnin er aðeins heimilt að þíða og endurnota einu sinni áður en rannsókn fer fram. Nauðsynlegt er að halda skrá með nákvæmum upplýsingum um ástæður fyrir hverri frystingu vefjasýna (óveður, dauðar frumulínur o.s.frv.).

2. Jafnblöndun líffæra.

Gera skal vefinn í pípunum fullkomlega einsleitan (annaðhvort með speldi eða kvörn eða með mortéli og stauti með dauðhreinsuðum sandi) og setja síðan í sviflausn í upphaflega flutningsefninu.

Ef sýnið er samsett úr heilum fiskum, sem eru undir 4 cm að lengd, skulu þeir brytjaðir smátt með dauðhreinsuðum klippum eða skurðarhníf eftir að bolurinn hefur verið fjarlægður aftan við þarmaop. Ef sýnið er samsett úr heilum fiskum, sem eru 4–6 cm að lengd, skal safna innflunum, þ.m.t. nýra. Ef sýnið er samsett úr heilum fiskum, sem eru yfir 6 cm að lengd, skal safna vefjasýnum eins og lýst er í I.I.3. Vefjasýnin skulu brytjuð smátt með dauðhreinsuðum klippum eða skurðarhníf, gerð einsleit eins og lýst hér að framan og sett í sviflausn í flutningsefninu.

Á rannsóknastofunni skal endanlegt hlutfall milli vefs og flutningsefnis fært að 1:10.

3. Skiljun jafnings.

Jafningurinn er skilinn í kældri skilvindu við $2-5^{\circ}\text{C}$ við 2000 til 4000 x g í 15 mínútur og flotinu safnað og það meðhöndlað, annaðhvort í fjórar klukkustundir við 15°C eða næturlangt við 4°C með sýklalyfjum, t.d. kann gentamísín, 1 mg/ml, að koma að notum á þessu stigi.

Hafi sýnið verið flutt í flutningsefni (þ.e. komist í snertingu við sýklalyf) má sleppa meðhöndlun flotsins með sýklalyfjum.

Markmiðið með sýklalyfjameðferð er að hafa stjórn á bakteríumengun í sýnunum og gerir hún að verkum að óþarft er að sía gegnum himnusíur.

Ef flotið, sem er safnað, er sett í geymslu við -80°C innan 48 klukkustunda eftir að sýnin voru tekin er aðeins heimilt að þíða það og endurnota einu sinni til veirufræðilegra rannsókna. (1) Í undantekningatilvikum, þ.e. þegar fiski er safnað á mjög afskekktum svæðum þar sem ekki er dagleg pósthjónusta.

Ef upp koma erfiðleikar í framkvæmd (t.d. hitaskápur bilar, erfiðleikar í frumuræktun o.s.frv.) sem koma í veg fyrir að hægt sé að sá á frumur innan 48 klukkustunda frá því að vefjasýnin eru tekin er heimilt að frysta flotið við -80°C og framkvæma veirufræðilegar rannsóknir innan 14 daga.

Áður en sáð er á frumurnar er flotinu blandað saman við sama magn af hæfilega þynntri blöndu af mótsermi gegn staðbundnum sermigerðum IPN-veiru og ræktað í þessu í að minnsta kosti eina klukkustund við 15°C eða mest 18 klukkustundir við 4°C . Títtri mótsermisins skal vera minnst 1/2000 í 50% mótefnaprófi sem hindrar skellumyndun.

Markmiðið með því að meðhöndla allt sáð með mótsermi gegn IPN-veiru (veira sem sums staðar í Evrópu kemur fyrir í 50% fisksýna) er að koma í veg fyrir að frumuskemmdir (CPE), sem stafa af IPN-veiru, myndist í frumurækt sem sáð hefur verið í. Þetta stytir veirufræðilegu rannsóknina og fækkar þeim tilfellum þar sem telja verður tilkomu frumuskemmda hugsanlega vísbendingu um veirublæði eða iðradrep.

Þegar sýni koma frá framleiðslueiningum sem álitnar eru lausar við brisdrep (IPN) er heimilt að sleppa því að meðhöndla sáð með mótsermi gegn IPN-veiru.

III. Veirufræðileg rannsókn.

1. Frumurækt og æti.

BF-2- eða RTG-2- og annaðhvort EPC- eða FHM-frumur eru ræktaðar við 20–25°C í hentugu æti, t.d. Eagles- MEM (eða afbrigði af því) að viðbættum 10% af nautgripafóstursermi og sýklalyfjum með stöðluðum styrkleika.

Þegar frumurnar eru ræktaðar í lokuðum hettuglögum er mælt með því að sýrustig ætisins sé stillt með bíkARBÓNATI. Heimilt er að stilla sýrustig ætisins, sem er notað við ræktun frumna í opnum einingum, með Tris- HCl (23 mM) og Na-bíkARBÓNATI (6 mM). Sýrustig (pH) verður að vera $7,6 \pm 0,2$.

Frumurækt, sem nota á til að sá vefjarefni í, skal vera ný (4 til 48 klukkustunda gömul) og í góðum vexti (ekki samfelld frumulag) við sáningu.

2. Sáning í frumurækt.

Líffærasviflausn, meðhöndluð með sýklalyfjum, er sáð í frumurækt í tveimur þynningum, þ.e. frumþynningu og, að auki, 1:10 þynningu hennar, sem gefur endanlega þynningu vefjarefnis í frumuræktaræti sem er 1:100 og 1:1000 í hvoru tilviki um sig (til að koma í veg fyrir samstæða truflun). Sá skal að minnsta kosti í tvær frumulínur (sjá I. III.1). Hlutfallið milli sáðmagns og magns frumuræktarætis ætti að vera um 1:10. Fyrir hvora þynningu og frumulínu skal að minnsta kosti nota um 2 cm² frumusvæði sem svarar til eins bolla í 24 bolla frumuræktarbakka. Mælt er með því að nota frumuræktarbakka en aðrar einingar með álíka eða stærra ræktunarsvæði eru einnig nothæfar.

3. Frumurækt.

Frumurækt, sem sáð hefur verið í, er rækтуð við 15°C í sjö til tíu daga. Breytist litur frumuræktarætis úr rauðu í gult, sem bendir til súrnunar ætis, skal stilla sýrustigið með dauðhreinsaðri bíkARBÓNATlausn eða jafngildum efnum til að tryggt sé að frumur séu móttækilegar fyrir veirusýkingu.

Á að minnsta kosti sex mánaða fresti, eða þegar grunur leikur á um að frumur séu ekki lengur jafnmóttækilegar fyrir veirusýkingu, fer fram títrun frosinna IPNV-, VHSV- og IHNV-stofna til að sannprófa að frumurækt sé móttækileg fyrir sýkingu. Ráðlagðri aðferð er lýst í IV. hluta.

4. Smásjárskoðun.

Skoða skal reglulega (minnst þrisvar í viku) hvort frumuskemmdir koma fyrir í frumurækt, sem sáð hefur verið í, við um það bil fertugfalda stækkun. Séu greinileg merki um frumuskemmdir skal grípa strax til sanngreiningar veira samkvæmt aðferðinni í I.IV.

5. Umsáning.

Hafi engar frumuskemmdir orðið eftir frumræktun í sjö til tíu daga fer fram umsáning yfir á nýja frumurækt þar sem svipað frumusvæði er notað og í frumræktuninni.

Ætisskammtar (flot) úr hverri rækt eða bolla, sem mynda frumræktina, eru blandaðir eftir frumulínu sjö til tíu dögum eftir sáningu. Blöndunum er síðan sáð í samstæðar frumuræktir

sem eru óþynntar eða þynntar 1:10 (sem gefur endanlega þynningu flots sem er 1:10 og 1:100 í hvoru tilviki um sig), eins og lýst er í I.III.2. Annar kostur er að sá skömmtum úr 10% af ætinu, sem myndar frumræktina, beint í bolla með nýrri frumurækt (umsáning frá bolla yfir í bolla). Heimilt er að forræktun þynntu vökvanna fari fram á undan sáningunni þar sem mótsermi gegn IPN-veiru er notað og hæfilega þynnt eins og lýst er í I.II.3.

Ræktir, sem sáð hefur verið í, eru því næst ræktaðar í sjö til tíu daga við 15°C undir eftirliti eins og lýst er í I.III.4. Komi fram frumuskemmd vegna eituráhrifa á fyrstu þremur dögum ræktunar getur umsáning farið fram á því stigi en þá skal rækta frumurnar í sjö daga og umsá þeim aftur sjö daga til viðbótar.

Komi fram frumuskemmd vegna eituráhrifa eftir þrjá daga er heimilt að umsá einu sinni og rækta uns alls 14 dagar eru liðnir frá frumsáningu. Síðustu sjö daga ræktunar skulu engin ummerki um eituráhrif koma í ljós.

Verði bakteríumengun þrátt fyrir meðhöndlun með sýklalyfjum verður skiljun við 2000 til 4000 × g í 15 til 30 mínútur við 2–5°C að eiga sér stað fyrir umsáningu og/eða síun flotsins gegnum 0,45 µm síu (vægt prótínbindandi himna). Þar að auki eru aðferðir við umsáningu þær sömu og út af frumuskemmdum vegna eituráhrifa.

IV. Sanngreining veira.

1. Próf til að sanngreina veirur.

Ef merki um frumuskemmdir hafa fundist í frumurækt er æti (floti) safnað og það rannsakað með einni eða fleiri af eftirtöldum aðferðum: hlutleysingu, flúrskinsmerkingu mótefna (IF), ELISA-prófi. Hafi prófin ekki leitt til öruggrar sanngreiningar veirunnar á einni viku skal senda flotið til innlendrar tilvísunarrannsóknarstofu í fisksjúkdómum eða til tilvísunarrannsóknastofu Evrópusambandsins í fisksjúkdómum til skjótrar sanngreiningar.

2. Hlutleysing.

Fjarlægja ber frumur úr flotinu, sem var safnað, í skilvindu (2000 til 4000 × g) eða með himnusíun (0,45 µm) með vægt prótínbindandi himnu og þynna flotið með frumuæti í 1:100 og 1:10000.

Skammtar af báðum þynningum flotsins eru blandaðir og settir í ræktun í 60 mínútur við 15°C með jafnstórum hlutum af eftirtöldum prófunarefnum, hver í sínu lagi:

- sermi sem inniheldur hópsérhæft mótefni gegn VHS-veiru, þynnt í hlutfallinu 1:50 (rúmmálshlutfall) ⁽¹⁾
- sermi sem inniheldur hópsérhæft mótefni gegn IHN-veiru, þynnt í hlutfallinu 1:50 (rúmmálshlutfall) ⁽¹⁾
- blanda mótserma gegn staðbundnum sermigerðum IPN-veiru, þynnt í hlutfallinu 1:50 (rúmmálshlutfall) ⁽¹⁾
- einungis æti (jákvæður samanburður)

Úr hverri veiruflotsermiþöndu er sáð í að minnsta kosti tvær frumuræktir með 50 µl í hvora um sig og þær síðan ræktaðar við 15°C. Fylgst er með því hvort frumuskemmdir verða eins og lýst er í I.III.4.

Sum afbrigði VHS-veiru bindast ekki í hlutleysingarprófum. Slík einangur verður að sanngreina með flúrskinsmerktum mótefnum (IF) eða ELISA-prófi.

Heimilt er að nota önnur hlutleysingarpróf sem reynsla er fyrir að skili árangri.

3. *Aðferð með notkun flúrskinsmerktra mótefna (IF).*

Fyrir hvert veirueinangur, sem á að sanngreina, skal setja frumur á að minnsta kosti átta þekjugler eða tilsvarandi, svo þétt að það leiði til um 60–90% samfellu frumulags eftir 24 klukkustunda ræktun. Mælt er með EPC-frumum í þessu skyni vegna mikillar viðloðunar við glerfleti en einnig er hægt að nota aðrar frumulínur, t. d. BF-2, RTG-2 eða FHM.

Þegar frumurnar hafa sest á glerflötinn (um einni klukkustund seinna), eða þegar rækt hefur staðið yfir í allt að 24 klukkustundir, er veirunni, sem á að sanngreina, sáð. Sáð er í fjórar ræktir í rúmmálshlutfallinu 1:10 og fjórar ræktir í hlutfallinu 1:1000. Ræktun við 15°C stendur síðan yfir í 20 til 30 klukkustundir.

Eftir ræktun eru ræktirnar skolaðar tvisvar í Eagles-MEM án sermis, festar í 80% af ísköldu asetoni og síðan litaðar með tveggja-laga IFAT. Fyrri prófunarefnalagið er fjöl- eða einstofna mótefni sem stenst kröfur um viðmiðunargæði. Síðara prófunarefnalagið er flúrskinsmerkt mótsermi gegn því ónæmisglóbúlíni sem notað er í fyrri laginu. Fyrir hvert mótsermi, sem prófað er, skal lita að minnsta kosti eina rækt sem sáð hefur verið í með stórum skammti og eina með litlum skammti. Þekkt neikvæð og jákvæð viðmiðunarsýni skulu vera hluti af prófinu. Mælt er með FITC- eða TRITC-flúrskini.

Litaðar ræktir eru undirbúnar með glýserólsalti. Þær ber að skoða undir aðfallandi útfjólu-bláu ljósi. Notað er augngler með tífaldri eða tólffaldri stækkun og stækkunargler með tuttu-ugu og fimm- eða fertugfaldri stækkun og samsvarandi talnaopum $> 0,7$ og $> 1,3$.

Framangreind aðferð með flúrskinsmerktum mótefnum er sett fram sem dæmi. Heimilt er að beita öðrum aðferðum með flúrskinsmerktum mótefnum (með tilliti til frumuræktar, festingar og mótefna sem standast kröfur um viðmiðunargæði) sem reynst hafa skilað árangri.

(1) Eða eins og viðkomandi tilvísunarrannsóknarstofa tilgreinir með tilliti til hugsanlegra eiturhrifa mótserma á frumur.

4. *ELISA-próf.*

Bollar í míkrotítunarplötum eru þaktir næturlangt með ráðlögðum þynningum af hreinsuð-um ónæmisglóbúlínþáttum mótefna sem standast kröfur um viðmiðunargæði.

Eftir að bollar hafa verið skolaðir með PBS-Tween-20 jafnalausn er þeirri veiru sem sanngreina á bætt í bollana, þynntri tvisvar eða fjórum sinnum, og leyft að bindast við húðunarefnið í 60 mínútur við 37°C. Eftir skolun með PBS-Tween-20 jafnalausn er bíótínuðum mótefnum, með sérhæfni sem svarar til sérhæfni húðunarefnanna, bætt við og leyft að bindast í 60 mínútur við 20°C. Eftir aðra skolun, eins og að framan getur, er HRP-merktu streptavíðíni bætt við og leyft að bindast í eina klukkustund við 20°C. Eftir lokaskolun kemur bundið ensím í ljós með því að nota viðeigandi ELISA-ensímhvarfefni (OPD eða önnur).

Framangreind ELISA-aðferð, sem byggist á bíótín-avíðín, er sett fram sem dæmi. Þess í stað er heimilt að nota aðrar ELISA-aðferðir með staðfestri virkni.

TAFLA 1A

Skoðun og sýnatökuáætlun á svæðum og eldisstöðvum á svæði sem ekki er viðurkennt, sem fer fram á tveggja ára eftirlitstímabili áður en viðurkennd staða fæst að því er varðar brisdrep, veirublæði og/eða iðradrep.

(í samræmi við viðauka B og C við reglugerð nr. 526/2003 og ákvæði I. hluta þessa viðauka)

	Fjöldi klínískra skoðana á ári (tvö ár)	Fjöldi rannsóknarstofurannsókna á ári (tvö ár)	Rannsóknarstofurannsókn til að staðfesta tilvist veira ⁽¹⁾	
			Fjöldi fiska í vexti (Líffæri)	Seiðastofn: fjöldi fiska (Hrognavökvi)
Meginlandssvæði og eldisstöðvar á meginlandssvæði				
a) Eldisstöðvar með seiðastofn	2	3	120 (fyrsta skoðun) ⁽²⁾ 150 (önnur skoðun)	30 (fyrsta skoðun) ⁽³⁾ 0 (önnur skoðun)
b) Eldisstöðvar, einungis með seiðastofn	2	1	0	150 (fyrsta eða önnur skoðun) ⁽³⁾
c) Eldisstöðvar án seiðastofns	2	2	150 (fyrsta og önnur skoðun)	0
Strandsvæði og eldisstöðvar á strandsvæði				
a) Eldisstöðvar með seiðastofn	2	2	120 (fyrsta skoðun) 150 (önnur skoðun)	30 (fyrsta skoðun) ⁽³⁾ 0 (önnur skoðun)
b) Laxeldisstöðvar án seiðastofns	2	2	30 (fyrsta og önnur skoðun) ⁽⁴⁾	0
c) Eldisstöðvar, sem ekki eru laxeldisstöðvar, án seiðastofns	2	2	150 (fyrsta og önnur skoðun)	0
Hámarksfjöldi fiska í hverju hópssýni: 10				
(1) Einnig er heimilt að nota hlutasýni, sem er tilgreint í töflu 1 B, ef kröfunum sem er lýst í II.1, I.I.2.1.b og III er fullnægt.				
(2) Klínískar skoðanir.				
(3) Ef ekki er hægt í undantekningartilvikum að ná hrognavökva er heimilt að taka sýni úr líffærum þess í stað.				
(4) Sýnunum skal safnað í fyrsta lagi þremur vikum eftir að fiskur er fluttur úr ferskvatni í saltvatn.				

TAFLA 1B

Skoðun og sýnatökuáætlun, sem fer fram á tveggja ára eftirlitstímabili áður en viðurkennd staða fæst að því er varðar brisdrep, veirublæði og/eða iðradrep, á svæðum og eldisstöðvum á svæði sem ekki er viðurkennt en skjalfest er að brisdrep, veirublæði og/eða iðradrep hafi ekki komið þar upp áður.

(í samræmi við viðauka B og C við reglugerð nr. 526/2003 og ákvæði I. og III. hluta þessa viðauka)

	Fjöldi klínískra skoðana á ári (tvö ár)	Fjöldi rannsóknarstofurannsóknna á ári (tvö ár)	Rannsóknarstofurannsókn til að staðfesta tilvist veira ⁽¹⁾	
			Fjöldi fiska í vexti (Líffæri)	Seiðastofn: fjöldi fiska (Hrognavökvi)
Meginlandssvæði og eldisstöðvar á meginlandssvæði				
a) Eldisstöðvar með seiðastofn	2	3	0 (fyrsta skoðun) ⁽¹⁾ 30 (önnur skoðun)	30 (fyrsta skoðun) ⁽²⁾ 0 (önnur skoðun)
b) Eldisstöðvar, einungis með seiðastofn	2	1	0	30 (fyrsta eða önnur skoðun) ⁽²⁾
c) Eldisstöðvar án seiðastofns	2	2	30 (fyrsta og önnur skoðun)	0
Strandsvæði og eldisstöðvar á strandsvæði				
a) Eldisstöðvar með seiðastofn	2	2	0 (fyrsta skoðun) 30 (önnur skoðun)	30 (fyrsta skoðun) ⁽²⁾ 0 (önnur skoðun)
b) Laxeldisstöðvar án seiðastofns	2	2	30 (fyrsta og önnur skoðun) ⁽³⁾	0
c) Eldisstöðvar, sem ekki eru laxeldisstöðvar, án seiðastofns	2	2	30 (fyrsta og önnur skoðun)	0
Hámarksfjöldi fiska í hverju hópsýni: 10				
(1) Klínískar skoðanir.				
(2) Ef ekki er hægt í undantekningartilvikum að ná hrognavökva er heimilt að taka sýni úr líffærum þess í stað.				
(3) Sýnunum skal safnað í fyrsta lagi þremur vikum eftir að fiskur er fluttur úr ferskvatni í saltvatn.				

TAFLA 1C

Skoðun og sýnatökuáætlun á svæðum og eldisstöðvum á svæði sem ekki er viðurkennt í því skyni að viðhalda viðurkenndri stöðu að því er varðar brisdrep, veirublæði og/eða iðradrep.

(í samræmi við viðauka B og C við reglugerð nr. 526/2003 og ákvæði I. hluta þessa viðauka)

	Fjöldi klínískra skoðana á ári	Rannsóknarstofurannsókn til að staðfesta tilvist veira ⁽¹⁾	
		Fjöldi fiska í vexti (Líffæri)	Seiðastofn: fjöldi fiska (Hrognavökvi)
Meginlandssvæði og eldisstöðvar á meginlandssvæði			
a) Eldisstöðvar með seiðastofn	2	20 (fyrsta eða önnur skoðun)	10 (fyrsta eða önnur skoðun) ⁽²⁾
b) Eldisstöðvar, einungis með seiðastofn	2	0	30 (fyrsta eða önnur skoðun) ⁽²⁾
c) Eldisstöðvar án seiðastofns	2	30	0
Strandsvæði og eldisstöðvar á strandsvæði			
a) Eldisstöðvar með seiðastofn	2	20 (fyrsta eða önnur skoðun)	10 (fyrsta eða önnur skoðun) ⁽²⁾
b) Laxeldisstöðvar án seiðastofns	1	30 ⁽³⁾	0
Hámarksfjöldi fiska í hverju hópsýni: 10			
(1) Á viðurkenndum svæðum skal aðeins safna sýnum frá helmingi fiskeldisstöðva á svæðinu til skiptis ár hvert. Á viðurkenndum eldisstöðvum á svæði sem ekki er viðurkennt skal safna sýnum ár hvert.			
(2) Ef ekki er hægt í undantekningartilvikum að ná hrognavökva er heimilt að taka sýni úr líffærum þess í stað.			
(3) Sýnunum skal safnað í fyrsta lagi þremur vikum eftir að fiskur er fluttur úr ferskvatni í saltvatn.			

II. HLUTI

Aðferðir við greiningu til að staðfesta brisdrep, veirublæði og iðradrep leiki grunur á að sjúkdómurinn hafi komið upp.

Greina skal brisdrep, veirublæði og iðradrep með einni af eftirfarandi aðferðum:

- A. hefðbundinni veirueinangrun þar sem sanngreining veira með mótefnum fylgir í kjölfarið,
- B. veirueinangrun samtímis sanngreiningu veira með mótefnum,
- C. öðrum greiningaraðferðum (IFAT, ELISA).

Fyrstu greiningu á veirublæði og/eða iðradrepi í eldisstöðvum á viðurkenndum svæðum skal ekki byggja á aðferð C einvörðungu. Einnig skal nota aðferð A eða B.

Í sumum tilvikum kann að reynast nauðsynlegt að vefjarefni, sem er ætlað til veirufræðilegra rannsókna, fylgi viðbótarefni til gerlafræðilegra, sniklafræðilegra, vefjafræðilegra eða annarra rannsókna svo unnt sé að framkvæma samanburðargreiningu.

A. Hefðbundin veirueinangrun þar sem sanngreining veira með mótefnum fylgir í kjölfarið.

- I.1. *Sýni valið.*
Velja skal að minnsta kosti 10 fiska til rannsóknar með dæmigerð einkenni brisdreps, veirublæðis eða iðradreps.
- I.2. *Undirbúningur og flutningur sýna úr fiski.*
Eins og mælt er fyrir um í I.I.3.
- I.3. *Söfnun viðbótargreiningarefnis.*
Eins og mælt er fyrir um í I.I.4.
- II. *Undirbúningur sýna fyrir veirufræðilega rannsókn.*
Eins og mælt er fyrir um í I.II.
- III. *Veirufræðileg rannsókn.*
Eins og mælt er fyrir um í I.III.
- IV. *Sanngreining veira.*
Eins og mælt er fyrir um í I.IV.

B. Veirueinangrun samtímis sanngreiningu veira með mótefnum.

- I.1. *Sýni valið.*
Eins og mælt er fyrir um í II.A.I.1.
- I.2. *Undirbúningur og flutningur sýna úr fiski.*
Eins og mælt er fyrir um í I.I.3.
- I.3. *Söfnun viðbótargreiningarefnis.*
Eins og mælt er fyrir um í I.I.4.
- II.1. *Jafnblöndun líffæra.*
Eins og mælt er fyrir um í I.II.2.
- II.2. *Skiljun jafnings.*
Jafningurinn er skilinn í kældri skilvindu við 2–5°C við 2000 til 4000 x g í 15 mínútur og flotinu safnað og það meðhöndlað í fjórar klukkustundir við 15°C með sýklalyfjum, t.d. gentamisíni, 1 mg/ml, eða síað (0,45 µm) gegnum vægt prótínbindandi himnu.
- II.3. *Meðferð flots með greiningarmótsermi.*
Líffærasviflausn, meðhöndluð með sýklalyfjum eða himnusíuð, er þynnt 1:10 og 1:1000 í frumuræktaræti og skammtar blandaðir og ræktaðir í 60 mínútur við 15°C með prófunarefnum, sem talin eru upp í I.IV.2, í jöfnum hlutföllum.
- III.1. *Frumurækt og æti.*
Eins og mælt er fyrir um í I.III.1.
- III.2. *Sáning í frumurækt.*
Úr hverri veirusermiplöndu (tilreidd samkvæmt II.B.II.3) er sáð í að minnsta kosti tvær frumuræktir á hverja frumulínu með 50 µl í hvora um sig.
- III.3. *Frumurækt.*
Eins og mælt er fyrir um í I.III.I.
- III.4. *Smásjárskoðun.*
Skoða skal daglega hvort frumuskemmdir koma fyrir í frumurækt, sem sáð hefur verið í, við um það bil fertugfalda til hundrað og fimmtíufalda stækkun. Sé komið í veg fyrir frumuskemmdir með einum af þeim mótsermum sem notuð eru má líta svo á að veiran hafi þar af leiðandi verið sanngreind.

Komi ekkert mótsermanna í veg fyrir frumuskemmdir skal grípa til sanngreiningar veira með aðferðum samkvæmt I.IV.

III.5. Umsáning.

Hafi frumuskemmdir ekki komið fram að sjö til tíu dögum liðnum skal umsáning fara fram úr ræktunum sem sáð hefur verið í með floti og æti (II.B.II.3) samkvæmt I.III.5.

C. Aðrar greiningaraðferðir.

Flot, sem tilreitt er eins og lýst er í I.II.2, er greint með IFAT eða ELISA samkvæmt I.IV.3 eða I.IV.4 eftir atvikum. Auk þessara flýtiaðferða skal veirufræðileg rannsókn koma til, annaðhvort samkvæmt A eða B, innan 48 klukkustunda eftir að sýnatöku lýkur, ef:

- a) niðurstaðan er neikvæð; eða
- b) jákvæð niðurstaða fæst með efni frá fyrsta tilfelli af brisdrepi, iðradrepi eða veirublæði á viðurkenndu svæði.

Heimilt er að greina vefjarefni samkvæmt öðrum aðferðum á borð við RT-PCR, IF-greiningu á frosnum sneiðum eða mótefnalitun vefja á formalínfestu vefjarefni. Þessum aðferðum skal ætíð fylgja sáning í frumurækt með vefjarefni sem hefur ekki áður verið formalínfest.

III. HLUTI

Skjalfest að brisdrep, veirublæði og/eða iðradrep hafi ekki komið upp áður á svæðum eða eldisstöðvum á svæði sem ekki er viðurkennt.

Viðmiðunarreglur og viðmiðanir um opinbera áætlun um heilbrigðisskoðun.

1. Áætlun um heilbrigðisskoðun getur einungis hafist:
 - eftir að framfylgt hefur verið áætlun um útrýmingu IPN-veiru, VHS-veiru og/eða IHN-veiru, sem felur í sér að allur fiskur á eldisstöðinni er fjarlægður og stöðin hreinsuð, sóthreinsuð og hvíld áður en endurnýjað er með fiski frá viðurkenndum eldisstöðvum, eða
 - á fiskeldisstöðvum þar sem aldrei hefur orðið vart við IPN-veirusýkingu, VHS-veirusýkingu eða IHN-veirusýkingu.
2. Áætlunin um heilbrigðisskoðun verður að byggjast bæði á klínískum skoðunum og rannsóknastofurannsóknum.
3. Áætlunin verður að ná yfir tvær árlegar klínískar heilbrigðisskoðanir samkvæmt viðmiðunarreglum í I. hluta.
4. Í að minnsta kosti einni af þeim skoðunum sem fara fram ár hvert skal safna þrjátíu sýnum úr fiskvefjum og/eða hrognavökva á hverri eldisstöð. Sýnin skulu valin, undirbúin og sett í rannsóknastofurannsókn samkvæmt I., II. og IV. hluta.
5. Áætluninni um heilbrigðisskoðun skal framfylgt í að minnsta kosti fjögur ár á öllum eldisstöðvum á því svæði sem ber að viðurkenna eða þeirri eldisstöð (á svæði sem ekki er viðurkennt) sem ber að viðurkenna.
6. Til að hægt sé að viðurkenna áætlunina opinberlega mega hvorki koma upp né greinast tilvik af brisdrepi, veirublæði eða iðradrepi (engar klínískar sýkingar eða veirueinangranir).

IV. HLUTI

Aðferðir við títrun til að sannprófa að frumurækt sé móttækileg fyrir sýkingu.

Ráðlagðar aðferðir við títrun, sem um getur í LIII.3, eru tilgreindar hér á eftir.

Nota skal að minnsta kosti eitt IPN-veirueinangur, tvö VHS-veirueinangur og eitt IHN-veiru-

einangur. Þessi einangur skulu standa fyrir helstu veiruflokka innan Evrópusambandsins, þ.e. fyrir IPN-veiru eitt sjúkdómsvaldandi einangur úr laxi í ferskvatni, fyrir VHS-veiru eitt sjúkdómsvaldandi einangur úr regnbogasilungi í ferskvatni og eitt sjávaeinangur, sem er sjúkdómsvaldandi fyrir sandhverfu, og fyrir IHN-veiru einn evrópskur stofn sem er sjúkdómsvaldandi fyrir regnbogasilung. Nota skal vel skilgreind einangur frá aðildarríkjunum.

Tilvísunarrannsóknarstofa Evrópusambandsins í fisksjúkdómum getur látið í té tilvísunareinangur.

Veiruhirðingar í frumurækt með lágri umsáningartölu (passage number) eru ræktaðir í frumuræktarflöskum á BF-2- eða RTG-2-frumum fyrir IPN- og VHS-veiru og EPC- eða FHM-frumum fyrir IHN-veiru. Nota skal frumuæti með að minnsta kosti 10% sermi. Nota skal lágt MOI við sáningu (< 1).

Þegar allar frumur hafa skemmt er veira hirt með skiljun frumuræktarflots við $2000 \times g$ í 15 mínútur, síusæfð gegnum 0,45 μm himnusíu og sett á merkt frystiglös. Veiran er geymd við $-80^\circ C$.

Einni viku eftir frystingu eru þrjú hettuglös með hverri veiru lätin þíðna í köldu vatni og títruð á viðkomandi frumulínu. Minnst sjötta hvern mánuð, eða ef grunur leikur á um að móttækileiki frumulínu fyrir sýkingu hafi minnkað, skal þíða og títra hvert veirueinangur.

Aðferðum við títrun verður að lýsa nákvæmlega og nota sömu aðferð hvert sinn.

Endurtaka skal títrun minnst sex sinnum á hverju þynningarstigi fram að lokabýningu. Títunargildi eru borin saman við fyrri títrunargildi. Hafi títrun einhvers veirueinangurs af þremur fallið um tvo logra eða þar yfir, samanborið við upphaflegu títrunina, skal frumulínan ekki notuð framar í eftirlitsskyni.

Ef nokkrar frumulínur eru geymdar á rannsóknastofunni skal rannsaka hverja línu fyrir sig.

Skrár skulu varðveittar í að minnsta kosti tíu ár.

V. HLUÐI Skammstafanir.

BF-2	bluegill fry -2 (frumulína).
CPE	frumuskemmdir (cytopathic effect).
CRL	tilvísunarrannsóknarstofa Evrópubandalagsins í fisksjúkdómum.
ELISA	ELISA-próf (enzyme-linked immunosorbent assay).
EPC	<i>epithelioma papulosum cyprini</i> (frumulína).
FHM	fathead minnow (frumulína).
FITC	flúorsínísóþíósýanat
Hepes	N-2- hýdroxýetýlpíperasín-N'-2-etansúlfonsýra.
HRP	piparrótar-peroxídasi (horse radish peroxidase).
IF	aðferð með notkun flúrskinsmerktra mótefna (immunofluorescence).
IFAT	óbeint flúrskinsmótefnapróf (indirect fluorescent antibody test).
IHN(V)	iðradrep (veira)
IPN (V)	brisdrep (veira).
MEM	nauðsynlegt lágmarksæti (minimum essential medium).
MOI	sýkingartala (hlutfallið milli fjölda viðbættra sýkjandi veiruagna og þekkt fjölda fruma í rækt).
OPD	ortófenýlendfámín.
PBS	fosfatstillt saltlausn (phosphate buffered saline).
RTG-2	kynkirtill regnbogasilungs (frumulína).
RT-PCR	öfug transkriptasa-pólýmerasa-keðjuhvörf.
Tris-HCl	tris(hýdroxýmetyl)amínómetan – HCl.
TRITC	tetrametyl-ródamín-ísóþíósýanat.
VHS(V)	veirublæði (veira).

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 105/2000 um flutning og sleppingar
laxfiska og varnir gegn fisksjúkdómum og blöndun laxastofna.

1. gr.

4. mgr. 3. gr. (3.4. gr.) reglugerðarinnar fellur niður.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 21. júlí 2003.

Landbúnaðarráðuneytinu, 16. júlí 2003.

F. h. r.

Ólafur Friðriksson.

Sigríður Norðmann.

